



## **Hjátrú og innvígslusiðir í íþróttum**

Hægri sokkurinn á undan vinstri?

Andreas Örn Aðalsteinsson

Lokaverkefni til BA-prófs í þjóðfræði

Félagsvísindasvið



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hjátrú og innvígslusiðir í íþróttum**  
***Hægri sokkurinn á undan vinstri?***

Andreas Örn Aðalsteinsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í Þjóðfræði  
Leiðbeinandi: Elsa Ósk Alfreðsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Andreas Örn Aðalsteinsson 2015

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2015

## **Formáli**

Mig langar að þakka nokkrum vel völdum einstaklingum fyrir þá hjálp sem þeir veittu mér við skrif þessarar ritgerðar. Ég hef notið leiðsagnar margra við að koma þessum skrifum niður á viðráðanlegt form. Fyrst ber að nefna leiðbeinanda minn Elsu Ósk Alfreðsdóttir fyrir ómetanlega leiðsögn, uppbyggingu, þolinmæði og áhugasemi á efninu. Einnig vil ég þakka Ingibjörgu Hildi Stefánsdóttur fyrir yfirlestur og óendanlega trú á mér í hverju því sem ég tek mér fyrir hendur. Auk þess vil ég þakka móður minni, Kristínu Stefánsdóttur fyrir yfirlestur á lokasprettinum. Ég vil einnig þakka viðmælendum mínum fyrir að hafa frætt mig um þeirra reynslu og viðhorf til efnisins. Þau Leifur Óskarsson, Marteinn Briem, Sunna Rut Ragnarsdóttir, Arnar Hólm Einarsson, Jóna Sigríður Halldórsdóttir og Matthías Leifsson. Fjölskylda og vinir eiga einnig þakkir skilið fyrir stuðning og skilning. Að lokum vill ég þakka Viktoríu Halldórsdóttur fyrir að vera mér til halds og trausts þegar þörfin var mest. Án þessara einstaklinga hefði þessi ritgerð ekki litið dagsins ljós og ég er óendanlega þakklátur fyrir þeirra hlut.

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um hjátrú og innvígslusiði í íþróttum. Meginmarkmið ritgerðarinnar var að fá innsýn í þá hjátrú og innvígslusiði sem eru aðallega við gildi í íþróttiheiminum. Einnig var leitast eftir að skoða áhrif þessara fyrirbæra á íþróttamenn sem og viðhorf viðmælenda til þeirra. Mismunandi tegundir af hjátrú og innvígslusiðum voru dregin fram á sjónarsviðið, virkni þeirra og áhrifum á viðmælendur lýst en einnig var kannað hvort nokkur munur væri á fyrirbærunum milli tveggja íþróttagreina; handknattleiks og knattspyrnu. Það var fyrst og fremst stuðst við viðtöl sem var aflað með eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem tekin voru viðtöl við sex íþróttamenn sem stunda eða stunduðu annað hvort handknattleik eða knattspyrnu. Fyrri hluti ritgerðar fer yfir helstu hugtök og kenningar en meðal annarra var notast við kenningar um hjátrú, innvígslusiði, leiki, hópa, jaðartíma, hópkennd og loks um „við og hinir“. Auk þess var saga íþróttarakin. Síðari hluti rannsóknar byggir á greiningu á viðtölum og frásögnum viðmælenda sem er svo sett í samhengi við fyrrnefndar kenningar.

Niðurstöður rannsóknar gefa til kynna að ekki sé hægt að tala um verulegan mun milli hjátrúa í þessum tveim íþróttagreinum; hjátrú virðist tengjast persónunni frekar en íþróttinni. Hjátrú er að finna í flestum íþróttum í einhverju formi og flestir viðmælendur mínir könnuðust við að gera einhvers konar rúttinu, hvort sem þau telja það sem hjátrú eða ekki. Hins vegar mátti finna töliverðan mun milli innvígslusiða í íþróttum þar sem handknattleikur virðist hafa tileinkað sér líkamlegri innvígslusiði á meðan knattspyrnan hallast að andlega þættinum. Mismunandi skoðanir og viðhorf voru til innvígslusiða en þó kom það sterklega í ljós að viðmælendur voru sammála um að þátttaka í þeim væri nauðsynlegur hluti þess að tilheyra íþróttaliði. Með innvígsluathöfninni yrðu menn fyrst inngengnir liðsmenn, álitnir einn af hópnum og þar með „við“ en ekki „hinir“.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1 Hugtök og kenningar .....	7
1.1 Hjátrú .....	7
1.2 Innvígslusiðir.....	9
1.3 Leikur.....	10
1.4 Hópur og hópkennd .....	11
1.5 Jaðartími .....	12
1.6 Við og hinir.....	13
2 Íþróttir.....	14
2.1 Þróun íþróttar .....	14
3 Framkvæmd rannsóknar .....	16
3.1 Aðferðafræði rannsóknar .....	16
3.2 Takmörkun rannsóknar.....	17
3.3 Viðmælendur .....	18
3.4 Skráning og úrvinnsla gagna .....	21
4 Hjátrú í íþróttum.....	21
4.1 Tegundir af hjátrú .....	23
4.1.1 Hjátrú og matur.....	23
4.1.2 Hjátrú og fatnaður .....	24
4.1.3 Hjátrú og athöfn .....	25
4.1.4 Hjátrú og hlutir .....	27
4.2 Áhrif hjátrúar .....	27
4.3 Munur á hjátrú milli íþróttar .....	29
5 Innvígslusiðir í íþróttum .....	30
5.1 Tegundir innvígslusiða.....	30
5.2 Áhrif og viðhorf til innvígslusiða .....	32
5.3 Innvígslusiðir í ljósi kenninga.....	35
5.4 Munur á innvígslusiðum milli íþróttar .....	38
5.5 Samantekt.....	38
Niðurstöður .....	41
Heimildarskrá.....	43

## Inngangur

Hjátrú og innvígslusiðir eru fyrirbæri sem hafa verið til staðar í íþróttahæiminum í tugi ára og eru eitthvað sem flest allir íþróttamenn hafa á einhverjum tímamarki kynnst. Það eru mismunandi skoðanir á þessum fyrirbærum út frá því hvort lesandinn hafi verið hjátrúafullur eða gengist undir innvígslu í ákveðinn íþróttahóp. Skoðanir gætu því myndast út frá þeirri reynslu sem lesandi hefur af hjátrú og innvígslusiðum. Í þessari rannsókn verður ekki reynt að réttlæta né lofa hvers konar hjátrú eða innvígslu. Það verður einungis leitast eftir að varpa ljósi á þá hjátrú og innvígslu sem eru helst við gildi í íþróttahæiminum, þá sérstaklega í handknattleik og knattspyrnu. Auk þess verður umræðan sem skapast á opinberum vettvangi og viðhorf viðmælenda til fyrirbæranna skoðuð.

Margir einstaklingar sem æfa íþróttir hafa eytt ómældum tíma í þær og því liggur í augum uppi að það sé mikilvægt fyrir þessa einstaklinga að ná árangri í þeirri íþrótt sem einstaklingur velur að leggja stund á. Því reyna þeir oft á tíðum að leita til óvísindalegra aðferða sem getur aðstoðað við að ná fram sem bestum árangri hverju sinni, þetta fyrirbæri kallast hjátrú. Innvígslusiðir verða hins vegar til þegar ákveðin hefð skapast í íþróttahóp sem heldur síðan áfram og komandi kynslóð tekur upp hefðina. Mikið traust ríkir á milli hópa innan íþróttahópa og eru innvígslusiðir notaðir til að bjóða nýja meðlimi hópsins velkomna inn í þetta litla samfélag sem myndast í íþróttahópum.

Markmið rannsóknar er að athuga hvort munur sé á hjátrú og innvígslusiðum á milli íþróttafólks í mismunandi íþróttum, þá sérstaklega í handknattleik og knattspyrnu. Ætlunin er að veita innsýn í þennan íþróttahæim og skoða hvers konar hjátrú og innvígslusiðir séu innan íþróttanna og hvaða tilgangi þau hafa að gegna. Rannsóknin byggist fyrst og fremst á viðtölum sem tekin voru við sex einstaklinga sem hafa á einhverjum tímamarki á lífsleiðinni spilað annað hvort handknattleik eða knattspyrnu. Sjálfur hef ég æft handknattleik í rúm 18 ár og upplifað margt af því sem kemur fram hér á eftir svo efnið stendur mér nærri. Í rannsókninni var þó einblínt á það að skoða hjátrú og innvígslusiði með augum þjóðfræðinnar og út frá kenningum hennar. Viðtölin voru tekin á tímabilinu desember 2014 fram til janúar 2015 samkvæmt eigindlegum rannsóknaraðferðum. Einnig verður stuðst við þær rannsóknir og bækur sem hafa verið ritaðar við rannsóknir á viðfangsefninu erlendis frá þar sem ekki hefur verið mikið um þjóðfræðilegar rannsóknir á hjátrú og innvígslusiðum innan íþróttahæimsins hér á landi.

Ritgerðinni er skipt upp í fimm hluta. Fyrst verður farið yfir þær kenningar sem notaðar eru til að skýra þjóðfræðilega afstöðu gagnvart viðfangsefninu og varpa nýju ljósi á virkni þess. Annar kaflinn fer í það að lýsa upphafi íþróttanna stuttlega og verður þróun þeirra í gegnum aldirnar rekin, frá Forn-Grikkjum til dagsins í dag. Í næsta kafla verður fjallað um aðferðafræði rannsókna, þar sem sagt er frá því hvernig rannsóknin fór fram auk þess sem viðmælendur verða kynntir. Að lokum, í síðustu tveimur köflunum verða hjátrú og innvígslusiðir íþróttamanna greind í ljósi opinberrar umræðu og út frá frásögnum viðmælenda og fléttað við þær kenningar sem lagðar voru til grundvallar. Ég enda ritgerðina síðan á niðurstöðum rannsókna.



# 1 Hugtök og kenningar

Í þessum kafla verður farið í skilgreiningar á þeim kenningum sem og hugtökum sem notuð verða við skrif þessarar ritgerðar. Hugtökin eru mikilvæg fyrir ritgerðina í heild sinni. Verða þau skoðuð hvert fyrir sig en því næst verður sýnt fram á hvernig þau eru samverkandi í íþróttunum; handknattleik og knattspyrnu. Byrjað verður á því að lýsa hugtökunum hjátrú og innvígslusiðir. Í framhaldinu verður farið í kenningar Johans Huizinga um leiki og hvernig hjátrú og innvígslusiðir spila hlutverk í kenningum hans. Kenningar um hópa eða samfélög, sem Alan Dundes setti fram, sem og hópkennd sem Victor Turner setti fram verða einnig skilgreindar. Kenning van Genneps um innvígslu verður tekin fyrir í tengslum við umbreytingu sem og kenningar Victors Turners um jaðartíma í tengslum við innvígslusiði íþróttamanna. Að lokum verður fjallað um Stuart Hall og kenningu hans um „við og hinir“ og hvaða áhrif hjátrú og innvígslusiðir geta haft á ímynd íþróttamanna út frá samfélagslegu sjónarhorni.

## 1.1 Hjátrú

*Hjátrú* (e. superstition) er afar huglægt hugtak, hún er oft á tíðum mjög persónubundin og getur haft miklar afleiðingar í för með sér fyrir leikmenn. Hjátrú fer oft framhjá hinum almenna áhorfanda þar sem hún getur verið mjög sérstök fyrir hvern og einn einstakling. Hún er ekki ávallt sýnileg og oft á hún sér stað fyrir eða eftir keppni íþróttamanna. En hverjar eru þessar helstu birtingamyndir hjátrú íþróttamanna, þá sérstaklega handknattleiksmanna og knattspyrnumanna? Hvers vegna er hjátrú svona mikilvæg fyrir einstaklinga, trúa þeir í raun og veru að hjátrúin muni hjálpa þeim að spila eða æfa betur?

Hjátrú hefur fengið ýmsar skilgreiningar í gegnum tíðina. Til að mynda er hjátrú skilgreind á eftirfarandi hátt í íslenskri orðabók frá árinu 1996; „hindurvitni, kerlingabækur, trú á óraunverulega hluti; trú á tilvist einhvers sem fer í bága við (vísindalega) heimsskoðun samtímans“ (Árni Böðvarsson, 1996: 376). Það er því ekki hægt að útskýra þessa trú mannsins á ákveðinn atburð með vísindalegum rökum og þar af leiðandi telst hún sem hjátrú (*Engin sætaröð númer 13*, 2011). Hins vegar segir í Orðabók Webster að hjátrú sé hver sú trú eða hegðun sem er byggð á ótta á því óþekktu eða fávísi. Hjátrú á sér engin þekkt lögmál innan vísindanna eða því sem venjulega er samfélagslega viðurkennt sem rétt hugsun, líkt og trú á happagrip, anda eða aðra yfirnáttúrulega hluti (Webster's Dictionary, e.d.).

Hinir ýmsu fræðimenn hafa einnig komið með sína skilgreiningu á hugtakinu hjátrú, Símon Jón Jóhannsson segir í bók sinni, *Sjö, níu, þrettán: Hjátrú Íslendinga í daglegu lífinu*, að hjátrú sé líkt og annað þjóðfræðilegt efni sameiginleg þjóðtrú margra landa. Hún getur borist frá einum stað til annars og aðlagar sig að hverjum aðstæðum fyrir sig. Það getur því verið erfitt að tala um hjátrú sem íslenskt fyrirbæri, þó að hún sé vinsæl hér á landi (Símon Jón Jóhannsson, 1993: 6). Íþróttamenn sem leita í hjátrú hér á landi hafa hugsanlega séð annan einstakling sem hefur náð langt á sínum íþróttuferli framkvæma ákveðna hjátrú og í kjölfarið ákveðið að framkvæma slíkt hið sama.

Alan Dundes skrifaði einnig um hjátrú en hann skipti henni í þrjá flokka; sá fyrsti er *orsök* (e. cause), annar flokkurinn er *afleiðing* (e. consequence) og sá þriðji er *umbreytingarathöfn* (e. conversion ritual). Orsök er til að mynda þegar íþróttamaður ákveður að leggja í ákveðið stæði fyrir leik, afleiðingin væri síðan að hann myndi spila óvenju vel í þessum leik. Þriðji flokkurinn, umbreytingarathöfnin, er athöfn sem íþróttamaðurinn framkvæmir til að draga úr eða ýkja afleiðingar með ákveðinni athöfn, til dæmis að leggja aftur í sama stæði þegar það kemur að næsta leik (Sims og Stephens, 2011: 59). Íþróttamenn geta því tengt ákveðnar athafnir sem þeir framkvæma við spilamennsku þeirra og þar af leiðandi verður þetta að rútinu sem þeir ávallt framkvæma. Mannfræðingurinn Mari Womack skilgreinir hjátrú sem óvenjulega, endurtekna og ákveðna hegðun sem einstaklingur framkvæmir í þeirri trú um að hún leiði af sér jákvæða útkomu fyrir gerandann, samt sem áður eru engin bein tengsl milli hegðunar og útkomu (Womack, 1992: 191-202). Sálfræðingarnir Michaéla C. Schippers og Paul A. M. van Lange komust að svipaðri niðurstöðu í grein sinni „The Psychological Benefits of Superstitious Rituals in Top Sport“ þar sem þau rannsökuðu áhrif hjátrúar á leikmenn íþróttaliða (Schippers og van Lange, 2006: 2533).

Margir íþróttamenn framkvæma hjátrúarathafnir án þess að þeir hafi einhverja vitneskju um það. Sumar athafnir telja þeir bara vera eðlilegar á hversdagslegum grundvelli. Þessir einstaklingar gætu einnig horft á aðra íþróttamenn og talið að það sem þeir gera fyrir hvern einasta leik vera kjánaskap. Það eru og verða alltaf efasemdir um virkni hjátrúar fyrir íþróttamenn (Símon Jón Jóhannsson, 1993: 7). Hjátrú spilar samt sem áður stórt hlutverk fyrir hvern og einn einstakling sem hana hefur; hún getur aukið sjálfstraust hans með því að láta íþróttamanninn fá þá tilfinningu að hann hafi stjórn á þeim aðstæðum sem hann er að ganga inn í. Hins vegar ef hjátrúin gengur ekki upp, þá getur hún riðlað þeirri stjórn sem

Íþróttamaðurinn telur sig hafa og því minnkar sjálfstraust hans og þar af leiðandi missir hjátrúin gildi sitt (Vyse, 2000: 132).

Hjátrú byggir því á reynslu íþróttamanna, hvað hefur reynst þeim vel í gegnum ferilinn og hvað ekki. Ef íþróttamaður tengir ákveðna flík við velgengni þá heldur hann því áfram í nánustu framtíð þangað til eitthvað verður til þess að velgengnin fer úr skorðum (Símon Jón Jóhannsson, 1999: 103). Hátrú getur verið gífurlega sterkt fyrirbæri og þessi tenging sem íþróttamenn sjá á milli hjátrúar og raunverulegra atburða hefur oft á tíðum enga fótfestu í hinu raunverulega lífi. Fólk getur samt sem áður haft órjúfanlega tengingu við hjátrúna og hana getur verið erfitt að brjóta.

## 1.2 Innvígslusiðir

*Innvígslusiðir* (e. initiation) eiga sér langa sögu í heimi íþróttar, hvar sem er í heiminum. Þeir eru oftast hugsaðir sem ákveðnar athafnir sem íþróttamenn ganga í gegnum til þess að fá virðingu þess hóps sem hann er verða hluti af. Þessir siðir eru mjög breytilegir milli íþróttar, liða og kyns. Það þekkjast siðir sem geta verið líkamlega sem og andlega meiðandi fyrir einstaklinga og virðist það vera tilgangur þeirra (Woods, 2007: 335).

Innvígslusiðir eru mjög algengir um heim allan, þar á meðal hér á landi. Samkvæmt íslenskri orðabók er orðið innvígður skilgreint sem einhver sem hefur verið tekinn inn í eitthvað, til dæmis íþróttafélag (Árni Böðvarsson, 1996: 459). Í rannsókn sem framkvæmd var í Alfred háskólanum í Bandaríkjunum voru innvígslusiðir skilgreindir sem:

any activity expected of someone joining a group that humiliates, degrades, abuses or endangers, regardless of the person's willingness to participate. This does not include activities such as rookies carrying the balls, team parties with community games, or going out with your teammates, unless an atmosphere of humiliation, degradation, abuse or danger arises (Alfred University, 1999b: 8).

Hér sést að í þessari rannsókn telst athöfn ekki vera innvígsla nema að hún feli í sér hvers konar niðurlægingu eða niðurbrot á nýliðum, óháð vilja þeirra til að taka þátt. Stór hluti af innvígslusiðum eiga sér stað í kringum íþróttir og margir hverjir telja að þeir séu nauðsynlegur partur af því að verða hluti af liðinu. Þessir innvígslusiðir geta þó misst marks í tilgangi sínum þar sem ekki allir eru samþykkir þeim aðferðum sem notaðar eru í innvígslu. Aðeins 20% af einstaklingunum sem rætt var við í rannsókninni við Alfred háskólanum töldu að það sem þeir þurftu að ganga í gegnum væri ásættanleg innvígsla.

Arnold van Gennep er einn af þeim fræðimönnum sem rannsökuðu innvígslusiði í riti sínu *Rites of Passage* sem kom fyrst út í enskri þýðingu árið 1960. Þar segir van Gennep að í gegnum ævina gangi fólk í gegnum þrenns konar stig í ólíkum þáttum lífsins. T.d. við giftingu eða barnsfæðingu. *Aðskilnaður* (e. rites of separation) sem er þegar fólk byrjar að fjarlægjast ákveðinn hóp eða stöðu og undirbýr sig að ganga í nýjan hóp eða taka að sér nýja stöðu. Þetta leiðir af sér *umbreytingu* (e. rites of transition) sem er þegar einstaklingur hefur yfirgefið fyrri hóp eða stöðu en er ekki enn komin inn í nýja hópinn eða stöðuna. Að lokum er *innlimun* (e. rites of incorporation) sem er þegar einstaklingur hefur gengið inn í nýjan hóp eða tekið að sér nýja stöðu. Ef þetta er hugsað út frá sjónarhorni íþróttta þá er gott að líta á þegar það kemur nýr leikmaður inn í íþróttalið. Aðskilnaður væri þá þegar leikmaður fer upp úr yngri flokkum eða fer frá öðru liði. Umbreytingin á sér þá stað þegar leikmaður reynir að vinna sér sæti í liðinu og öðlast virðingu liðsfélaga sinna og að lokum verður einhver athöfn þar sem leikmaðurinn er boðinn velkominn og það er hér sem innvígsluathöfnin á sér stað og eftir hana er leikmaðurinn „inngenginn“ (van Gennep, 1960: 10). Umbreytingin er gífurlega mikilvæg og er sá hluti innvígslunnar sem getur tekið hvað lengstan tíma fyrir leikmenn að komast yfir. Umbreyting hefur verið skoðað nánar af öðrum fræðimönnum líkt og Victor Turner en það verður farið nánar í það hér neðar.

Innvígslusiðir eru ekki ávallt taldir jákvæðir en undanfarin ár hefur myndast mikil umræða hvort þeir hafi einhvern tilgang. Það eru mjög skiptar skoðanir hvort að siðirnir hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á lið. Til að mynda ef litið er á rannsóknina sem framkvæmd var í Alfred háskóla í Bandaríkjunum, þá var stór hluti af þeim siðum sem framkvæmdir voru þar meðal annars ólöglegir líkt og áfengisdrykkja áður en nýliði hafði aldur til. Einnig voru dæmi um innvígslusiði sem neyddu nýliða til að stela, fólu í sér líkamsmeiðingar, neysla ógeðisdrykkja og lengi mætti telja (Alfred University, 1999: 10). Um þetta verður betur rætt í kafla 5 hér á eftir.

### 1.3 Leikur

Hugtakið *leikur* (e. play) var sett fram af Hollendingnum Johan Huizinga í bók sinni *Homo Ludens* þar sem hann lýsir leik sem mjög merkingarbærum atburð (Huizinga, 1970: 19). Það er margt sem er að gerast hverju sinni í hverjum leik. Leikur hefur þrjú einkenni sem hægt er að yfirfæra á íþróttaleiki, tökum sem dæmi handknattleik. Í fyrsta lagi er handknattleikur íþrótt sem viðkomandi velur að iðka, í öðru lagi eru þeir sem stunda handknattleik að stíga

tímabundið inn í annan heim þar sem aðrar reglur og siðir gilda og þar mynda menn með sér hjátrú háð því hvernig leikurinn er spilaður. Að lokum á leikur sér stað innan ákveðins tíma og ramma auk þess sem það er ákveðin hugmyndafræði á bakvið hvern leik. Því eru þeir sem standa utan við leikinn oft ekki færir um að dæma um réttmæti þeirra reglna og siða sem eiga sér stað innan leiksins (Huizinga, 1970: 26-28). Líkt og þegar fólk reynir að dæma innvígslusiði íþróttanna sem það hefur mögulega aldrei stundað. Leikir eru þó mismunandi og ekki er hægt að miða handknattleiksleik í yngri flokkum við handknattleiksleik spilaðan í þýsku deildinni. Leikur er talinn vera afar merkingarbær atburður fyrir íþróttamenn, enda æfa flestir þeirra sína íþrótt með það að markmiði að standa sig sem best þegar það kemur að leik. Það má þó sjá ákveðna spegilmynd af *smækkun á samfélaginu* (e. microcosmos) þegar það kemur að leik. Samfélagið væri þá þeir leikmenn sem tækju þátt í leiknum ásamt því umhverfi sem hefur myndast í kringum þá. Með þessari smækkun á samfélaginu ásamt þeim flutning sem á sér stað í leik eins og var rætt hér að ofan er skapaður nýr leikheimur. Heimur þessi gerist á afmörkuðu svæði, innan afmarkaðs tíma og hefur sínar eigin reglur þar sem íþróttamenn geta notið sín.

#### 1.4 Hópur og hópkennd

*Hópur* (e. group) er eitt mikilvægasta hugtakið innan íþróttiheimsins. Íþróttalið samanstendur af hóp og innan íþróttaliðs geta verið nokkrir hópar. Áður fyrr var litið á hópa sem einhverja sem skera sig úr að einhverju leyti. Það er vissulega rétt á litið en hópar eru þó víðameiri en það, hver og einn einstaklingur tilheyrir yfirleitt einhverjum hóp og þá fleiri en einum. Til dæmis íþróttaliðið, skólafélagar, fjölskyldu og lengi mætti telja (Sims og Stephens, 2011: 30-31).

Alan Dundes var einn af þeim fræðimönnum sem skoðaði hópa, hann sagði að hópur samanstæði af tveimur eða fleiri einstaklingum sem ættu að minnsta kosti einn sameiginlegan þátt. Til dæmis er hægt að líta á knattspyrnulið sem hóp, þar sem einstaklingar koma saman og lifa sameiginlegum lífsstíl, að spila knattspyrnu (Dundes, 1980: 1-19). Þessir einstaklingar þurfa ekki að þekkjast allir en þeir þurfa að þekkja þær hefðir og siði sem viðgangast innan hópsins. Þessar hefðir eru síðan notaðar til að sýna nýjum meðlimum hópsins hvað telst vera réttmæt hegðun. Innvígslusiðir í íþróttum spila hér stórt hlutverk til að bjóða leikmenn velkomna sem og að sýna þeim hvernig hvernig vert er að haga sér innan hópsins (Toelken, 1996: 57).

Hugtökin hópur og hópkennd fara yfirleitt saman en mannfræðingurinn Victor Turner setti fram hugtakið *hópkennd* (e. *communitas*) sem hann lýsir sem tengslum sem einstaklingar upplifa og ganga í gegnum eða eiga sameiginlega reynslu að baki. Hópkennd er eitt af því sem skilur einn hóp frá öðrum, líkt og handknattleiksmenn aðskilja sig frá knattspyrnumönnum (Turner, 2007: 89-97). Turner setti fram tvö hugtök út frá hópkennd, *normative* og *spontaneous* (Turner, 1982: 47). Sviðslistafræðingurinn Richard Schechner útskýrði muninn á þessum tveim hugtökum. Hann taldi að *normative* hópkennd væri til að mynda þegar að íþróttalið kæmi saman í sama tilgangi, til dæmis í leik, upplifun allra einstaklinganna innan liðsins er líklega ekki sú sama. *Spontaneous* hópkennd myndast síðan þegar hópurinn upplifir sömu tilfinningu, líkt og þegar íþróttalið vinnur til verðlauna, þá upplifa allir sömu gleðitilfinningu (Schechner, 2013: 70-71).

## 1.5 Jaðartími

Hugtakið *jaðartími* (e. *liminality*) er lykilorð í kenningum van Genneps um þrískiptingu innvígsluathafna eins og var lýst hér að ofan. Hins vegar tók Victor Turner jaðartíma upp í rannsóknum sínum og þróaði hugtakið lengra. Ég mun einbeita mér að skilgreiningu Victor Turner í framhaldinu. Jaðartími er miðstig vígsluathafna, þegar íþróttamaðurinn færast frá einu stigi yfir á annað (Turner, 1982: 36). Leikmaðurinn tilheyrir því hvorki hópnum sem hann var í áður, né hópnum sem hann mun tilheyra næst á þessu millistigi, það myndast því ákveðið tómarúm. Einstaklingar ganga í gegnum ákveðna innvígsluathöfn til að komast í gegnum þennan jaðartíma. Í lok athafnarinnar er leikmaðurinn samþykktur inn í hópinn og þessum jaðartíma því lokið (Rowe, 2008: 128).

Terry Gunnell skrifaði um jaðartíma í ljósi busavígslna og dimission í grein sinni „Busar, böðlar og jamberingar: innvígsluathafnir í íslenskum framhaldsskólum“, þar sem hann lýsir þróun og formi innvígslusiða í framhaldsskólum hér á landi í gegnum árin, auk þess sem hann kemur inn á hvernig innvígslusiðir mynduðust og festust í sessi í framhaldsskólum. Einnig varpar Terry Gunnell ljósi á það hvernig busaathöfnin sé ákveðinn jaðartími þar sem nemandinn tilheyrir ekki samfélaginu sem hann kom úr, en er þó ekki enn inngenginn í hið nýja samfélag. Tíminn sem busavígslan stendur yfir er því ákveðinn jaðartími eða þröskuldur og eftir athöfnina er nemandinn þá „inngenginn“ inn í samfélag skólans. Það er auðvelt að bera skrif hans saman við það sem gengur á í heimi íþróttanna þegar það kemur að innvígslusiðum. Til að mynda þegar íþróttamaður fer upp úr yngri flokkum og í meistaraflokk

en hefur ekki gengist í gegnum innvígslu telst það vera jaðartími. Þá er leikmaður á miðstigi vígslunnar, þá geta núverandi leikmenn meistaraflokks leyft sér að að koma fram við hann eins og þeir vilja. Oft á tíðum eru þessir leikmenn látnir ganga frá eftir æfingu, halda á æfingartösku eldri leikmanna og lengi mætti telja. Flestir leikmenn þurfa að ganga í gegnum tímabil sem nýliðar, sem Terry Gunnell talar um sem busa, þar sem þeir eru á mörkunum að vera teknir inn í hópinn (Gunnell, 2006: 823-833). Þetta er þó ekki hluti af innvígslu leikmanna, þ.e. þetta á sér stað þegar leikmenn koma nýjir inn í hópinn eða leikmenn hverfa á brott innan liðsins. Liðið þarf að aðlagast þessum breytingum á liðinu (Turner, 1982: 22). Jaðartíminn er notaður til að sýna nýjum leikmönnum hverjir hafa valdið innan liðsins. Nánar verður farið í þetta í kafla 5.9, en þar munu viðmælendur mínir ræða um innvígslusiði.

## 1.6 Við og hinir

Menningarfræðingurinn Stuart Hall talaði um hversu erfitt það getur verið að skilgreina hópa. Hann taldi að hópur myndist út frá öðrum hópum og þeir séu skilgreindir í samanburði við aðra hópa (Hall, 1997: 174-175). Sjálfsmynd einstaklinga myndast eftir því hvernig aðrir sjá okkur, það er nauðsynlegt að hafa „hina“ (e.othering) til þess að byggja upp okkar eigin sjálfsmynd, þar sem við myndum skoðun okkar á okkur sjálfum út frá skoðun annarra (Urry, 1990: 141). Hall bendir á að hópar skilgreini sig út frá því hvað einstaklingar innan hópsins hafa sameiginlegt, um leið og litið er á þann sem er frábrugðinn sem einn af „hinum“ (Hall, 1997: 227-279). Ef litið er á þetta út frá sjónarhorni íþróttá, þá má segja að „við“ séu þá íþróttaliðið sem horfir út á „hina“. Það má benda á umræðuna sem myndaðist fyrir nokkrum árum þegar rassskellingar í heimi handknattleiks kom á yfirborðið. Þá voru nýliðar rassskeltir eftir sinn fyrsta leik með meistaraflokki síns félags. Þetta mál rataði í fjölmiðla og voru mjög skiptar skoðanir á þessu meðal almennings. Leikmenn handknattleiksliða töldu þetta ekki mikið mál og sögðu að þetta hefði tíðkast lengi, á meðan utanaðkomandi töldu þetta vera pyntingar og perraskap (Kolbeinn Tumi Daðason, 2012). Þetta er gott dæmi um „við og hinir“ í heimi íþróttá, fólk sem er utanaðkomandi sem ekki er hluti af hópi íþróttá horfir allt öðrum augum á málið. Nánar verður farið í þetta í kafla 5.3. Hér hefur verið farið í gegnum helstu kenningar og hugtök sem notuð verða við skrif þessarar ritgerðar. Ég mun nota þessar kenningar og hugtök til að tengja við ritgerðarefnið og sýna fram á hvernig þau fléttast inn í heim íþróttanna. Hér næst mun ég fara í gegnum sögu íþróttá í stuttu máli.

## 2 Íþróttir

Settar hafa verið fram ýmsar skilgreiningar á íþróttum en orðabók Webster skilgreinir *íþrótt* (e. sport) eftirfarandi; 1. keppni eða leikur þar sem fólk framkvæmir ákveðna hreyfingu samkvæmt sérstökum reglum og keppa gegn hvort öðru. 2. Hreyfing ( líkt og veiði, hlaup, sund o. s. frv.) sem er gert ánægjunnar vegna (Webster's Dictionary, e.d.). Íslensk orðabók skilgreinir íþrótt sem: 1. leikni, fimi, snilld, list – gera eitthvað af mikilli íþrótt. 2. Kerfisbundnar æfingar til að þjálfa líkamann (oft til að ná einhverjum tilsettum árangri, setja met og fleira) (Árni Böðvarsson, 1996: 722).

Íþróttir eru stór hluti af daglegum heimi margra einstaklinga. Milljónir manna um heim allan stunda íþróttir af einhverju tagi og fara því ómeðvitað að taka þátt í leiknum og fylgir þeim reglum sem settar eru í hverri íþrótt fyrir sig. Til að mynda eru mismunandi grundvallaratriði í handknattleik en eru í knattspyrnu. Í handknattleik má boltinn ekki fara í fætur leikmanns og í knattspyrnu má boltinn ekki fara í hendur leikmanns.

Íþróttir ganga flestar ef ekki allar út á frammistöðu einstaklings í sinni íþrótt, ef leikmaður spilar vel þá fær hann mikið lof fyrir og jafnvel aukin fríðindi í kjölfarið. Til dæmis þegar knattspyrnmenn spila vel, þá fær leikmaður líklega betri samning næst með auknum launakjörum. Íþróttir geta haft mikil áhrif á hversdagslegan heim einstaklings og þar af leiðandi eru leikmenn oft á tíðum tilbúnir að fara ákveðnar leiðir eða framkvæma ýmsa hluti til að ná árangri. Næst ber að ræða upphaf íþróttar á fornöldum og fram til tímans í dag.

### 2.1 Þróun íþróttar

Íþróttir hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda en í upphafi voru íþróttir einungis iðkaðar til að veita almenningi skemmtun og afslöppun, ásamt því að þær tengdust oft ákveðnum athöfnum eða hernaði (Crowther, 2007: 22). Það er hægt að finna íþróttir í nánast öllum samfélögum í sögunni þrátt fyrir að þær sé ólíkar því sem við þekkjum í dag. Í þá tíma voru íþróttamenn þó ekki að stunda íþróttir af fúsum og frjálsum vilja. Þrælar eða fangar neyddust til að taka þátt í leikjum eða keppnum þar sem þeir kepptu við dýr eða aðra menn til dauða. Þeir menn sem náðu árangri í þessum leikjum nutu ýmissa fríðinda og klifu upp metorðastigann, íþróttir urðu því sífellt vinsælli meðal fólks af lágstétt til að bæta hag sinn (Olivová, 1986: 15-16).

Helstu heimildir um iðkun íþróttar til forna koma frá Grikkjum þar sem þeir höfðu það fram yfir aðra að þeir skjalfestu sögu sína (Craig, 2002: 80). Þeir héldu til að mynda fyrstu



ólympíuleikana. En talið er að fyrsta keppnin hafi verið haldin árið 776 fyrir Krist. Líkt og í dag þá voru leikarnir haldnir á fjögurra ára fresti og höfðu þeir mismunandi tilgang fyrir mismunandi fólk. Fyrir íþróttamenn snérust þeir um keppni en fyrir aðra um verslun sem og hlusta á sögumenn sem mættu frá öllum heimshornum (Sansole, 1988: 35-36, 104). Þeir skipulögðu, héldu og skráðu sigurvegara hvernar keppni fyrir sig í yfir þúsund ár og því má segja að Grikkir séu nokkurs konar upphafsmenn íþróttasögunnar (Craig, 2002: 79-81).

Margar af þeim íþróttagreinum sem við þekkjum í dag eiga rætur sínar að rekja til íþróttar sem stundaðar voru á fornum tímum. Íþróttir fóru þó að líkjast því sem við þekkjum í dag á árunum 1700-1800 þar sem íþróttir fóru að vera áhugamál eða dægradvöl líkt og í dag. Einnig varð fólk opnara fyrir því að hver sem er fengi að taka þátt í íþróttum, óháð stöðu þeirra í samfélaginu (Coakley og Pike, 2007: 53-54).

Skipulagðar íþróttir á Íslandi byrju þó ekki fyrr en fyrir um það bil 130 árum síðan, á 19. öld en þá voru nokkrir íþróttaklúbbar stofnaðir. Í framhaldinu tóku Íslendingar þátt í sínum fyrstu ólympíuleikum árið 1908 þar sem Jóhannes Jósefsson keppti í glímu. Ísland hefur tekið þátt í hverjum ólympíuleikum síðan árið 1936 að undanskildum vetrarleikunum í Sapporo í Japan árið 1972 (History of the National Olympic, e.d.). Síðastliðin ár hefur orðið mikil þróun á íþróttum og þær hafa orðið fjölbreyttari og þar af leiðandi meira úrval fyrir fólk. Líkamsrækt hefur orðið sífellt vinsælli sem íþrótt og fólk er farið að stunda íþróttir líkt og CrossFit, BootCamp og fleira. Eins og íþróttir í dag eru orðnar fjölbreyttari eru þær einnig farnar að ná til allra horna heimsins með hjálp tækninnar. Íþróttir eru orðnar að mikilvægum þætti í samfélaginu og hafa mikil áhrif hvar sem þær eru, hvort sem það sé efnahagsleg áhrif eða fjölmiðlaáhrif. Stórir íþróttaviðburðir eða frægir íþróttamenn nú til dags eru oft notaðir til að koma einhverjum skilaboðum áleiðis til heimsins. Sem dæmi má nefna þegar knattspyrnumaðurinn Zlatan Ibrahimovic lét mála á sig nöfn 50 barna sem berjast við hungur til að vekja athygli á hungursneyð í heiminum (Anton Ingi Leifsson, 2015). Eins má nefna þá eftirspurn sem myndast eftir auglýsingaplássu í hálfleik í leiknum um Ofurskálina í Amerískum fótbolta, þar sem fyrirtæki leggja mikið í auglýsingar vegna fjöldans sem horfir á leikinn (Samúel Karl Óskarsson, 2015). Það horfðu til að mynda 114,4 milljónir manns á leikinn um Ofurskálina árið 2015, það er því rétt hægt að ímynda sér þau áhrif og skilaboð sem hægt er að koma áleiðis með auglýsingum (Riccobono, 2015).

Tilgangur ípróttta hefur einnig þróast mikið með árunum, í dag er litið á ípróttir sem vettvangur þar sem börn geta lært ýmsa jákvæða færni líkt og góða hegðun, samvinnu, aga og fleira (Woods, 2007: 188-189). Í ljósi þess má þó spyrja sig hvort að þeir ípróttamenn sem fólk sér í sjónvarpi í dag með hjálp tækninnar séu í raun þær fyrirmyndir sem raun ber. Fjölbreytni ípróttta hefur leitt til aukins áhuga almennings þar sem flestir geta fundið eitthvað sér við hæfi, óháð því í hvaða tilgangi ípróttir eru stundaðar. Sumir leitast eftir betri heilsu og vilja reglulega hreyfinu á meðan aðrir líta á ípróttir sem leið til betri fjárhags, stöðu í samfélaginu og betra lífs.<sup>1</sup> Undanfarin ár hefur skapast hávær neikvæð umræða í samfélaginu um tilgang og áhrif meiðandi innvígslusiða eins og þekkjast í sumum ípróttum. Rassskellingar sem innvígsla eins og þekkest í handknattleik í dag er eitthvað sem börn og fólk heyrir hugsanlega fyrst þegar rætt er um innvígslusiði í ípróttum. Umtal um þetta hefur aðallega verið neikvætt, en er þetta það sem samfélagið vill að börn hugsi þegar þau eru að velja íprótt til að stunda í framtíðinni. Það er áhugavert að sjá hvernig viðhorf ípróttamanna er til þessara siða í dag og í kjölfar hinnar neikvæðu umræðu í fjölmiðlum. Því verður rætt um mismunandi form innvígslusiða og viðhorf til þeirra hér á eftir þegar viðtöl við viðmælendur verða rædd nánar. En fyrst ber þó að kynna aðferðafræði rannsóknarinnar og þá viðmælendur sem rætt var við kynntir.

### **3 Framkvæmd rannsókna**

Greint verður frá því hvaða aðferð var notuð til að afla gagna sem og vali á viðmælendum. Það var talið best að afla upplýsinga með eigindlegum rannsóknaraðferðum til að fá sem besta lýsingu á upplifun, sýn og skoðun viðmælenda á efninu. Til að öðlast aukna þekkingu á efninu þá var einnig stuðst við greinar og umfjöllun af netinu sem og fréttasíðum líkt og vísir.is, mbl.is og fleira sem styðja við upplifun, sýn og skoðun viðmælenda í greiningu viðtalanna.

#### **3.1 Aðferðafræði rannsókna**

Við framkvæmd rannsókna var notast við eigindlega rannsóknaraðferð, sem fyrr segir, þar sem rannsakanda er umhugað um hvaða skilning viðmælendi leggur í sína persónulegu upplifun. Það er að segja hvernig einstaklingur hugsar og bregst við þeim aðstæðum sem koma upp (Taylor, 1998: 7).

---

<sup>1</sup> Vissulega er tilgangur ípróttta einnig til að stuðla að betri lýðheilsu, lífa heilbrigðari lífstíl og fleiru en það verður ekki fjallað um það í þessari ritgerð.

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er meðal annars notast við opin viðtöl, þátttökuathuganir og rýnihópa. Í þessari rannsókn verður notast við opin viðtöl en sú aðferð er nytsamleg þegar markmiðið er að fá fram lýsingar og upplifun viðmælanda á efninu, sem og að fá hann til að lýsa því ítarlega og deila sinni skoðun á þessu tiltekna efni (Taylor, 1998: 7-10). Það getur reynst erfitt ef ekki ómögulegt að fá innsýn í heim íþróttamanna án þessarar aðferðar. Viðmælendur hafa kost á því að lýsa því með eigin orðum sem þeir hafa upplifað, séð eða heyrt á íþróttuferlinum í viðtali sem hefði ekki annars fengist með t.d. spurningalístum eða meginlegri aðferðum. Höfundur ritgerðar telur að opin viðtöl hafi verið nauðsynleg aðferð til að öðlast persónulegri innsýn í heim íþróttamanna, sérstaklega í ljósi harðra viðbragða almennings við innvígslusiðum handknattleiksmanna fyrir nokkrum árum líkt og rætt var í kafla 1.6 í umfjöllun um „við og hinir“. Höfundur telur að án viðtala hefði reynst töluvert erfiðara að fá fram þær upplýsingar sem rannsóknin krefst. Með þessum viðtölum opnast þá hugsanlega nýr heimur fyrir hinum almenna borgara inn í heim íþróttamanna og skoðun þeirra á hjátrú og innvígslusiðum innan sinnar íþróttar.

### **3.2 Takmörkun rannsókna**

Hjátrú og innvígslusiðir eru oft á tíðum mjög persónuleg hjá einstaklingum og er ekki efni sem þeir eru gjarnir á að deila með hverjum sem er. Það hefði verið hægt að fá meira magn gagna með því að styðjast við meginlegar rannsóknaraðferðir þar sem spurningalistar væru sendir út þar sem fleiri þátttakendur, á mismunandi aldri, af mismunandi landshlutum eða frá öðrum löndum taka þátt í rannsókninni. Að sama leyti tel ég að þau hefðu ekki verið jafn ítarleg þar sem þær persónulegu upplýsingar sem koma fram með eigindlegum rannsóknaraðferðum hefðu setið eftir. Einungis var rætt við íþróttamenn frá Íslandi sem voru fæddir 1989-1990, mögulega hefði verið hægt að fá dýpri skilning á efninu með því að ræða við íþróttamenn af víðara aldursbili. En vissulega er þetta efni sem mætti rannsaka enn frekar.

Líkt og með margar rannsóknir sem notast við eigindlega rannsóknaraðferð, að þá er ekki mikið alhæfingargildi í niðurstöðum þar sem upplifun hvers og eins einstaklings, óháð kyni, getur verið mismunandi. Því er ekki hægt að yfirfæra skoðanir viðmælanda yfir á alla íþróttamenn. Niðurstöður gefa þó vísbendingu um hvaða hlutar rannsóknarinnar er vert að rannsaka enn frekar.

### 3.3 Viðmælendur

Viðmælendur voru sex talsins, fjórir karlmenn og tveir kvenmenn. Allir viðmælendur spila eða hafa á einhverjum tímapunkti spilað og æft íþróttir á hæsta stigi sem mögulegt er í félagsíþróttum hér á landi, sem er að spila með meistaraflokki í sinni íþrótt. Tekin voru viðtöl við þrjá handknattleiksmenn og þrjá knattspyrnumenn. Ekki voru gerðar kröfur um að viðmælendur spili ennþá fyrrgreinda íþrótt, heldur einungis að þeir hafi á einhverjum tímapunkti á ferlinum spilað hana. Allir viðmælendur voru vinir mínir eða kunningjar sem ég taldi að væri mikilvægt, sérstaklega í ljósi þess hversu oft hjátrú og innvígslusiðir geta verið leyndarmál. Mitt mat var að það væri betra að ræða við fólk sem ég þekkti til að fá betri og nánari upplýsingar um efnið. Ég taldi nauðsynlegt að allir viðmælendur hefðu spilað og æft íþróttir í langan tíma til að geta dregið upp mynd af rannsóknarefninu með ákveðinni yfirsýn og reynslu. Ég hafði samband við alla viðmælendur mína í gegnum samfélagsmiðillinn Facebook þar sem þau samþykktu öll að veita mér viðtöl.

Fyrsti viðmælandi minn var Leifur Óskarsson og fór viðtalið fram í Suðurhólum 25, þann 21. desember 2014. Leifur er fæddur árið 1989 og spilar í dag með handknattleiksliðinu Þróttur Reykjavík í 1.deild karla. Hann hefur einungis spilað fyrir tvö lið á ferlinum, HK og Þrótt þar sem hann hefur spilað undanfarið eitt og hálf t. Hann hefur því upplifað það þegar leikmenn koma inn í liðið hvert ár og koma með nýja hjátrú inn í liðið. Einnig þurfa þessir leikmenn oft á tíðum að gangast undir einhvers konar innvígslu. Þegar ég banka á dyr hans í Breiðholtinu tekur á móti mér meðalstór maður, með dökkt hár og mikið skegg. Hann bauð mér inn og því næst komum við okkur fyrir, ég byrjaði á að lýsa rannsókn minni fyrir honum og hann byrjaði að ræða um efnið. Ég var því fljótur að kveikja á upptökunni og bað hann um að byrja frá byrjun. Eftir að við höfðum setið og talað saman í tæpar 26 mínútur lauk viðtalinu en ég sat í dágóða stund lengur þar sem við rifjuðum upp gamlar sögur frá því þegar við spiluðum saman og hvernig hjátrú getur komið fram á marga vegu. Að lokum kvaddi ég, en bað Leif um að vera endilega í sambandi við mig ef eitthvað rifjaðist upp í tengslum við hjátrú eða innvígslusiði.

Næsta viðtal var tekið við Marteinn Briem þann 5. janúar 2015, það mátti enn sjá leifar af flugeldaprikum þegar ég keyrði að heimili hans í Fossvoginum. Leið mín lá í Hulduland 10 þar sem Marteinn beið mín eftir að við höfðum mælt okkur mót, Marteinn er fæddur 1989 og lék með Víking á sínum yngri árum en spilar fyrir lið Berserkja í dag. Sömu sögu má segja um hann og Leif Óskarsson, hann hefur spilað fyrir fá lið á ferlinum og því tekið eftir þeirri þróun

sem verður með árunum á hjátrú og innvígslusiðum. Þegar ég mæti til hans rétt tæplega 9 að kvöldi til, tekur á móti mér hávaxinn, dökkhærður maður í gráum joggingbuxunum og svörtum bol með stóru Víkingsmerki á. Hann býður mér inn í eldhús þar sem við fáum okkur sæti, hann býður mér veitingar sem hann hafði sett út og við byrjum að ræða saman hvað hefur verið að gerast í tengslum við knattspyrnuferill hans. Hann tjáir mér að hann hafi átt við meiðsli að stríða undanfarin ár og því ekki getað tekið eins mikinn þátt og hann hefði óskað. Hann talar um að mögulega þyrfti hann að fara að rifja upp gamlar sögur þar sem hann hefur verið frá knattspyrnu í smá tíma. Því næst hefst viðtalið og segir hann mér frá hinum ýmsu sögum um hjátrú og innvígslusiði sem og reynslu hans af þessu í gegnum árin. Eftir tæpar 23 mínútur lýkur viðtali okkar og ég fer mína leið, að lokum bið ég hann endilega að heyra í mér ef hann heyrir um eða sér eitthvað sem tengist rannsóknarefni mínu.

Þriðja viðtalið var við Sunnu Rut Ragnarsdóttur 9. janúar 2015. Sunna er fædd og uppalin í Laugardalnum og hefur alla tíð spilað með Þrótt Reykjavík að undanskildum 6 mánuðum sem hún bjó og spilaði í Danmörku. Sunna er fædd 1989. Sunnu þekki ég í gegnum sameiginlega vinkonu og þótti mér það áhugaverður punktur að sjá muninn á hjátrú og innvígslusiðum, ef það væri nokkur, á milli karla og kvenna í íþróttum. Því taldi ég hana tilvalda. Ég hitti Sunnu á heimili hennar við Otrateig 46 í Laugardalnum, rétt rúmlega 2 þar sem kærasti hennar tók á móti mér og bauð mér sæti í sófa sem var í stofunni. Því næst sótti hann Sunnu og kom hún fljótlega á meðan kærasti hennar færði sig á efri hæð hússins á meðan á viðtalinu stóð. Sunna er hávaxin, dökkhærð kona sem fékk sér síðan sæti til móts við mig og var ólm að hefja viðtalið þar sem, eins og hún tjáði rannsakanda, henni fannst efnið mjög áhugavert. Eftir að hafa rætt saman í rúma 31 mínútu um hjátrú og innvígslusiði í íþróttum lauk viðtalinu og tjáði Sunna mér að nú þyrfti hún að hafa flýta sér þar sem hún ætti að mæta í skóla eftir rétt rúmar 10 mínútur. Ég kvaddi því í hasti og þakkaði kærlega fyrir viðtalið.

Næsta viðtal var tekið 9. janúar 2015 við Arnar Hólm Einarsson, fæddur 1990, knattspyrnumann sem spilar með liði Álftanes. Arnar er fæddur og uppalin á Dalvík og hefur æft hinar ýmsu sem í boði voru þar. Hann hefur meðal annars spilað með liðum á borð við Breiðablik og Stjörnunni ásamt Álftanes og var það von mín að hann hefði kynnst mismunandi hjátrúm og innvígslusiðum á ferlinum. Ég kynntist Arnari þegar ég hóf nám mitt í þjóðfræði við Háskóla Íslands árið 2012 og höfum við þekkt og haldið sambandi síðan. Ég hitti hann á heimili hans við Smáratún 11 á Álftanesi rúmlega 5 þar sem Arnar tók á móti mér í gallabuxum og

víðum svörtum bol. Arnar er grannur, með dökkt stutt hár og mikið af húðflúrum sem sýna hvað hann hefur áhuga á. Hann bauð mér inn og við komum okkur fyrir í herbergi hans þar sem ég sat í stól og hann kom sér fyrir við rúmið og því næst hófst viðtalið. Við ræddum saman í rúmar 33 mínútur um hjátrú og innvígslusiði knattspyrnumanna og í lok viðtals var komið að kvöldmat hjá Arnari og ég kvaddi því og þakkaði fyrir viðtalið.

Viðtal mitt við Matthías Leifsson, handknattleiksmann fæddan árið 1990, var tekið þann 14. janúar 2015. Klukkan var að verða hálf 5 þegar ég kom að Mávahlíð 46 í Reykjavík þar sem Matthías, lágvaxinn, dökkhærður maður tók á móti mér í svörtum joggingbuxum og vínrauðri hettupeysu. Hann bauð mér inn og við komum okkur fyrir við eldhúsborðið til að fá sem mest næði þar sem herbergisfélagar hans biðu í næsta herbergi. Matthíasi kynntist ég í gegnum sameiginlegan vin og höfum við haldið góðu sambandi síðan og jafnvel æft saman handknattleik. Hugmynd mín að taka viðtal við hann spratt af því að við sátum eitt kvöld og ræddum um íþróttir þegar hann fór að tala um innvígslusiði í handknattleik og virtist hann skoðanamikill á þessu efni. Því næst bað ég um viðtal við hann sem hann samþykkti. Matthías spilaði einungis með liði Fjölnis á ferli sínum í handknattleik en í dag spilar hann ekki handknattleik með meistaraflokk karla. Viðtalið hófst að verða 5 og ræddum við saman í 45 mínútur, að loknu viðtalinu rauk Matthías upp þar sem hann þurfti nú að flýta sér á fund og ég kvaddi því fljótlega og þakkaði fyrir gott viðtal.

Að lokum tók ég viðtal við Jónu Sigríði Halldórsdóttur, fædd 1989, handknattleikskonu sem spilar með liði ÍBV. Viðtalið var tekið í gegnum Skype þann 21. janúar 2015. Hún var staðsett í Vestmannaeyjum og ég á heimili mínu við Sæmundargötu 20, 101 Reykjavík. Jóna Sigríður er uppalin hjá HK í Kópavogi en færði sig um set og gekk til liðs við FH, Stjörnuna, aftur til HK og svo að lokum til ÍBV. Einnig á hún nokkra landsleiki að baki með íslenska landsliðinu í handknattleik. Jónu þekki ég frá tíma mínum þar sem ég æfði handknattleik með HK og fórum við saman upp yngri flokkana hjá HK. Með þetta í huga vonaðist ég til að hún gæti gefið mér góð dæmi um mismunandi hjátrú og innvígslusiði sem ganga á í mismunandi umhverfum. Viðtalið var tekið í gegnum Skype en Jóna er með ljóst, meðalsítt hár sem hún var með í tagli og virtist vera í æfingarfötum. Þó sá ég það ekki nákvæmlega þar sem ég sá aðeins það sem var fyrir ofan axlir. Ég hóf viðtalið fljótlega eftir að samband hafði náðst í gegnum Skype þar sem Jóna þurfti von bráðar að hlaupa á æfingu. Í rétt rúmar 20 mínútur ræddum við saman um hjátrú og innvígslusiði íþróttamanna í íþróttum. Svo kom að því að handknattleiksæfing

kallaði á hana og ég kvaddi því og bað hana endilega að vera í sambandi ef eitthvað rifjaðist upp fyrir henni. Hún tjáði mér að vinkonur hennar úr handknattleiksliðinu væru að koma í heimsókn og hún ætlaði að spyrja þær út í efni þessarar ritgerðar og vera í sambandi við mig. Að því sögðu kvaddi ég og þakkaði fyrir.

Ég taldi mikilvægt að viðmælendur mínir hefðu tekið þátt í þeirri þróun sem hefur orðið síðastliðin 5-7 ár og því var reynt að ræða við íþróttamenn sem hafa verið virkir í íþróttum undanfarin ár. Merkilegt var að sjá hvort þeir hefðu tekið eftir einhverjum breytingum á hjátrú leikmanna eða innvígslusiðum sem viðgangast hér á landi í gegnum árin.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu nóvember 2014 til janúar 2015 og voru allt frá 20 til 45 mínútur að lengd. Þau voru öll tekin á heimili viðmælanda að undanskildu viðtali við Jónu Sigríði Halldórsdóttur. Öll viðtöl voru tekin upp í gegnum 4S Iphone síma.

### **3.4 Skráning og úrvinnsla gagna**

Við lok viðtala eða gagnaöflunar í eigindlegum rannsóknum hefst næsta skref, nákvæm afritun af viðtölum. Auk þess voru ritaðar nákvæmar vettvangsnótur. Hvert viðtal var skrifað niður orðrétt til þess að sjá sem best upplifun hvers og eins viðmælanda af rannsóknarefninu sem og til að auðvelda greiningarvinnuna. Því næst voru gögnin greind í mars 2015 og meginatriði í viðtölum dregin fram. Það er mikilvægt að taka sérstaklega eftir því hvernig viðmælandi orðar hlutina, skoðanir sem og áherslupunkta þeirra. Líkamstjáníng getur einnig skipt máli. Þess konar greiningaraðferð er þekkt sem *opin kóðun* (e. *open coding*), hún er notuð til að greina niður efni rannsakanda og skipta því niður í meginþemu (Creswell, 2007: 57). Í köflunum hér á eftir verða meginþemun rædd og frásagnir viðmælanda fá að njóta sín en þær verða einnig settar í fræðilegt samhengi kenningu úr 1. kafla.

## **4 Hjátrú í íþróttum**

Hér á eftir verður fjallað um frásagnir og upplifun af hugtakinu hjátrú út frá viðtölum við íþróttamennina sem valdir voru sem viðmælendur. Mismunandi tegundir hjátrú kom upp hjá viðmælendum sem verður litið á nánar sem og áhrif hjátrúar á viðkomandi leikmenn. Eftirtektarvert var að sjá hversu oft viðmælendur mínir gerðu sér ekki grein fyrir því hvað þeir litu á sem hjátrú og hvað ekki. Oft á tíðum töluðu þeir um að þeir væru ekki með neina sérstaka hjátrú en fljótlega fylgdi saga um þá rútinu sem þau framkvæmdu sem hluta undirbúnings fyrir keppni. Jóna Sigríður lýsir því til dæmis hvernig hún telur að rútinu geti orðið að hjátrú:

Ég held að hjátrú sé hluti af rútinu einhvern veginn og mér finnst mikilvægt að hafa einhverja rútinu. Segjum bara að maður sé kannski að fara í langstökk eða eitthvað, þá kannski var maður með einhverja öðruvísi rútinu sem verður kannski að hjátrú (AÖA 5, 2015).

Lýsingin að ofan sýnir hvernig hægt er að líta á hjátrú á mismunandi hátt. Orð Símons Jóns Jóhannesar úr bókinni *Sjö, níu, þrettán: Hjátrú Íslendinga í daglega lífinu* eiga vel við í þessu samhengi. Hann segir: „Þó að fæstir viðurkenni að þeir séu hjátrúarfullir er ótrúlega margt sem menn telja vissara að gera eða gera ekki í daglegu lífi, svona til vonar og vara“ (Símon Jón Jóhannsson, 1993: 6). Þessi skilgreining er lýsandi fyrir marga íþróttamenn, oft á tíðum getur hjátrú verið mjög leynileg og því taka fæstir eftir henni. Einnig er hægt að nefna skilgreiningu Árna Óla í þeim skilningi að hjátrú sé mjög nærstæð guðlegri trú, hann segir að munurinn liggir fyrst og fremst í: „að trúin treystir á guðlega forsjón, en hjátrúin á andlega hjálpendur; þannig er hún til hliðar við trúna“ (Árni Óla, 1975: 7-8). Hjátrúin er því orðin mjög persónubundin og getur haft mismunandi áhrif á hvern og einn. Auk þess geta íþróttamenn framkvæmt hjátrúna innan veggja heimilis síns eða á leið til keppni: „Mér fannst best að leggja mig alltaf í klukku tíma, svo vaknaði ég og passaði að koma mér vel í gang og borða síðan aftur mjög góðan mat svona upp úr 17:30. Þetta var svona föstudagsrútinun fyrir leiki“ (AÖA 6, 2015). Hér kallar Matthías þetta föstudagsrútinuna sína, það má þó setja spurningamerki við það hvort að þessi rúttína gæti ekki talist sem hjátrú. Hvað myndi gerast ef hann gæti ekki lagt sig í þennan klukku tíma, eða kæmist ekki í það að borða vel fyrir leikinn? Mögulega gæti það haft einhvers konar áhrif á hann fyrir leikinn þar sem hann kæmi öðruvísi undirbúinn.

Líkt og sagt var hér að ofan þá tala viðmælendur mínir um að þeir séu ekki með hjátrú, þeir horfa á þá rúttínu sem þeir gera fyrir leiki frekar sem undirbúning. Það má velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki oft á tíðum einn og sami hluturinn: „Ég held að ég sé ekkert með neitt massíft sterka hjátrú en ég hef alveg böstað sjálfan mig við að vera gera eitthvað í gríð og erg“ (AÖA 3, 2015). Hér talar Arnar Hólm um að hann sé ekki með neina rosalega sterka hjátrú en er í þversögn við sjálfan sig þegar hann segist grípa sjálfan sig við að framkvæma eitthvað ákveðið fyrir keppni. Vissulega getur verið þægilegra fyrir íþróttamenn að líta ekki á þá rúttínu sem þeir framkvæma eins fyrir hverja einustu keppni sem hjátrú. Það getur einfaldlega verið þægilegra fyrir fólk að líta á sérstaka röð atburða sem rúttínu, því ef hún klikkar þá á hún ekki að hafa jafn mikil áhrif og ef um væri að ræða hjátrú.



## 4.1 Tegundir af hjátrú

Hjátrú getur verið mjög breytileg í mismunandi aðstæðum en innan íþróttasíðsins getur hún verið keimlík milli íþróttamanna. Í framhaldinu verður farið í gegnum helstu tegundir hjátrú sem íþróttamenn hafa vanið sig á með því að reyna að hafa stjórn á þáttum utan íþróttasíðsins í von um betri árangur í keppni.

### 4.1.1 Hjátrú og matur

Margar af þeim frásögnum sem viðmælendur deildu um hjátrú tengdust því hvað borðað var á leikdag. Þetta var vissulega ekki allt jafn áhrifamikið fyrir hvern íþróttamann en það mátti sjá að hjátrú getur spilað stórt hlutverk í undirbúningi íþróttamanna fyrir keppni. Það er athyglisvert að sjá hvað hlutur eins og hjátrú getur haft mikil áhrif á hvað íþróttamenn eru að borða fyrir hverja keppni, auk þess sem hjátrúin getur haft áhrif á fólkið í kringum íþróttamennina:

Ég tók tímabil þar sem ég varð bara alltaf að borða hafragraut, þó að leikurinn var seint um kvöldið þá vaknaði ég snemma til að fá mér hafragraut um morguninn. Helst sem mamma myndi elda fyrir mig. Ég veit til dæmis að það eru sumar stelpur sem einmitt borða alveg nákvæmlega eins fyrir hverja einustu leiki (AÖA 3, 2015).

Þetta er frásögn Sunnu Rutar af matarhjátrú sinni sem hún hafði á tímabili, þarna sést hvernig hjátrú Sunnu getur varpast yfir á mömmu hennar einnig. Hjátrú íþróttamanna er því ekki einungis að hafa áhrif á íþróttamennina sjálfa, heldur getur hún haft áhrif á fólkið sem það umgengst í daglegu lífi.

Oft er talað um hollan og góðan undirbúning fyrir keppni hjá íþróttamönnum og þar spilar meðal annars mataræði stóran part. Það er ávallt talað um að til að ná árangri í íþróttum, skuli einstaklingar lifa heilsusamlegu lífi sem og hugsa vel um líkamann. Þar á meðal hvað íþróttamenn setja ofan í sig. Í ljósi þess er áhugavert hvernig hjátrú gagnvart mataræði getur verið í algjörrri andstæðu við þetta. Jóna Sigríður tók gott dæmi um hjátrú tengda mat sem myndi ekki teljast til holls mataræðis fyrir keppni:

Jóna Sigríður: Ég borða alltaf bakarísmat fyrir leik.

Rannsakandi: Þá alltaf sama bakarísmat?

Jóna: Ef það gengur vel þá borða ég það sama aftur, það nákvæmlega sama. Annars fer ég alltaf í bakaríið og þegar ég var yngri og bjó heima hjá mömmu og pabba þá labbaði ég alltaf í Reynir bakara og fékk mér nákvæmlega það sama, alltaf (AÖA 5, 2015).

Hjátrú um mataræði getur virkað á mismunandi hátt fyrir fólk. Það sem er þekkt sem eðlilegt mataræði fyrir keppni hjá mörgum íþróttamönnum getur verið mjög óvenjulegt fyrir aðra, vegna þeirrar hjátrú sem þeir hafa vanið sig á í gegnum tíðina. Líkt og má sjá hjá Jónu Sigríði, þar sem hún nefnir að hún hafi gert þetta síðan hún var yngri.

Mataræði er mikilvægur hluti af lífi fólks, óháð því hvort það sé í íþróttum eða ekki. Það er þó áhugavert að sjá hvaða hefðir fólk hefur tekið upp í gegnum árin í sambandi við mataræði. Þetta getur þó verið aðeins fastmótaðra hjá íþróttamönnum vegna þeirrar hugmyndar að til þess að ná árangri í íþróttum er nauðsynlegt að lifa heilsusamlegum lífsstíl og borða hollt í gegnum ferillinn. Viðmælendur mínir voru flestir á þeirri skoðun að það væri nauðsynlegt að reyna að borða sem hollast og flestir voru þeir búnir að koma upp ákveðnum hefðum í sambandi við mat þegar það kom að leikdag.

#### 4.1.2 Hjátrú og fatnaður

Hjátrú tengd fatnaði á sér langa sögu og getur náð yfir margar mismunandi flíkur. Frásagnir viðmælenda minna þegar það kom að fatnaði var víðamikil en flestir höfðu að minnsta kosti eitt dæmi um hjátrú sem tengdist fatnaði. Hvort sem það voru þau sjálf eða eitthvað sem þau höfðu séð eða heyrt. Hjátrúin hefur stundum ekkert að gera með frammistöðu heldur einungis þægindi sem leikmaður finnur vegna ákveðins fatnaðs. „Ég hélt á tímabili að ég væri með hjátrú varðandi föt þegar ég er að keppa: Ég var alltaf í sama undirbolnum af því að það var þægilegasti undirbolurinn minn. Kannski var það einhver hjátrú í mér“ (AÖA 1, 2014), segir Leifur. Matthías er á sama máli:

Ég spilaði heilt tímabil í tveimur sokkapörum. Ég var með mikla beinhimnubólgu og mér var bent á spila í tveimur sokkum sem ég ákvað að prófa og ég man að ég átti alveg virkilega góðan leik. Þetta var á miðju tímabili minnir mig og eftir það spilaði ég í heilt ár í tveimur sokkapörum (AÖA 6, 2015).

Hjátrú gagnvart fatnaði getur haft mismunandi tilgang fyrir hvern og einn íþróttamann. Sumir ganga í ákveðnum fatnaði vegna tilfinningalegs gildis og sumir vegna þess að þeir áttu einn góðan leik í ákveðinni flík fyrir 10 árum síðan.

Það geta verið mismunandi ástæður fyrir því hvers vegna ákveðin hjátrú tekur festu hjá íþróttamönnum en það má líkja þessu við skrif Alan Dundes þegar hann skipti hjátrú í þrjá flokka, orsök, afleiðing og umbreytingarathöfn (sjá kafla 1.1). Þetta má auðveldlega færa yfir á nokkrar af þeim sögum sem komu fram í viðtölum viðmælenda: „Um daginn þá var leikmaður sem er með mér í liði sem gekk vel í einum leik og næsti leikur var stuttu seinna. Þá var búið

að þvo öll fötin sem hann var í í fyrri leiknum til þess að geta verið aftur í þeim í næsta leik“ (AÖA 1, 2014). Þetta sagði Leifur og í þessari sögu má yfirfæra flokkun Dundes þar sem orsök væri þá þegar leikmaðurinn ákveður að vera í þessum ákveðnu fötum í leik. Afleiðingin væri síðan sú að honum gekk vel í leiknum og að lokum umbreytingin þar sem leikmaðurinn fer aftur í sömu fötin sem hann var í í leiknum til þess að reyna að viðhalda góðu gengi.

Fatnaður er þó ekki einungis bundinn við stuttbuxur, boli eða peysur sem leikmenn eru í þegar þeir fara til leiks. Hjátrú gagnvart fatnaði getur oft verið leynd og ekki er tekið eftir henni. Til að mynda geta stelpur verið með ákveðið margar spennur í hárinu, ákveðinn lit á teygjunum sem þær nota í hárið og það væri eflaust hægt að halda lengi áfram. Sama má segja um stráka og þær flíkur sem þeir kjósa að ganga í, vegna þeirrar trú að það hafi eitthvað að gera með hvernig frammistaða þeirra muni vera í komandi keppni. Í frásögnum viðmælenda minna tók Marteinn fram að; „ákveðinn leikmaður var alltaf í ógeðslega ljótum naríum af pabba sínum“ (AÖA 2, 2015).

Vissulega getur hjátrú breyst á milli leikja og hún á það til að vera háð gengi leikmanns eða liðs. Hjátrú getur aukið sjálfstraust leikmanna og leikmenn fá þá tilfinningu að þeir hafi stjórn á aðstæðum innan leiksins. Ef hjátrúin hins vegar hefur ekki tilætluð áhrif og sjálfstraust leikmanns minnkar, þá missir hjátrúin gildi sitt eins og fram hefur komið (sjá kafla 1.1). Það eru þó dæmi um það þar sem ákveðin flík hefur fylgt leikmönnum í gegnum allan ferillinn vegna hjátrúar sem þeir hafa og tilfinningalegs gildis flíkarinnar. Það má einnig ekki gleyma því að margir af fremstu íþróttamönnum sögunnar eru ekki heilagir þegar það kemur að hjátrú eins og Matthías kemur inn á:

Skemmtileg saga sem Michael Jordan var með, hann spilaði allan ferillinn í stuttbuxum frá North Carolina sem var háskólinn sem hann var í. Hann spilaði í þeim innan undir stuttbuxunum hjá því liði sem hann var í hverju sinni (AÖA 6, 2015).

Hér tekur hann dæmi um einn albesta körfuknattleiksmann allra tíma, Michael Jordan. Flestir viðmælenda minna héldu því fram að þau væru ekki háð hjátrú tengda fatnaði en fljótlega fylgdi oft saga um hjátrú sem tengdist hvaða sokkum þau væru í eða í hvaða skó þau færu fyrst. Sá fatnaður sem viðmælendur mínir kusu að spila í virðist því hafa áhrif og því mætti líta á það atferli sem hjátrú þrátt fyrir að þau telji að svo sé ekki.

### 4.1.3 Hjátrú og athöfn

Eins og komið hefur fram getur hjátrú íþróttamanna verið margvísileg, hvort sem hún sé augljós eða leynileg. Hjátrú tengd athöfnum myndi líklega falla undir fyrri flokkinn þar sem sú

hjátrú er töluvert sýnilegri en margar aðrar. Hjátrú getur oft verið talin skritin eða öðruvísi þar sem hver hjátrú hefur mismunandi gildi fyrir hvern og einn, það sem einum finnst vera óvenjulegt gæti verið fullkomlega eðlilegt fyrir næstu manneskju. Jóna Sigríður undirstrikar þá fullyrðingu með sögu sinni um leikmann sem hún spilaði eitt sinn með:

Ég man líka eftir að einn markvörður í Stjörnunni, hún einu sinni fór alltaf í sturtu fyrir leik og svo var hún líka alltaf að tannbursta sig fyrir leik. Og ég held að hún sé með alls konar hjátrú líka, maður tekur eftir því að hún slær alltaf í markið og slær sjálfa sig geðveikt mikið. Það er pottþétt einhver hjátrú í því (AÖA 5, 2015).

Hér lýsir Jóna hjátrú markvarðar sem hún hefur æft og spilað með og þeirri óvenjulegu hegðun sem hún framkvæmir fyrir og á meðan leik stendur. Það má leiða líkur að því að hún geri ráð fyrir að þessi hegðun skili sér í jákvæðri útkomu fyrir hana þrátt fyrir að það séu engin bein tengsl á milli þessarar ákveðnu hegðunar og útkomunnar. Markvörðurinn lítur sjálfsagt ekki á þessa hegðun sem óvenjulega og eflaust finnur hún mun á því að framkvæma þessa hegðun fyrir hvern leik. Þetta eykur því sjálfstraust hennar og þar af leiðandi leiðir það til betri leiks af hennar hálfu. Hér má færa kenningu Alan Dundes, sem komið var inn á hér að ofan, einnig inn. Þá er orsök sú að markvörðurinn ákveður að tannbursta sig alltaf fyrir leik, afleiðing væri svo að honum gengur vel í leiknum og umbreytingin er sú að markvörðurinn endurtekur þessa athöfn fyrir næsta leik.

Hjátrú og trú einstaklinga er mjög tengd á marga vegu, línan þar á milli getur verið óskýr og því er lítið á trúarlegt athæfi einstaklings sem hjátrú. Í þessu samhengi er athyglisvert að rifja upp einkenni hjátrú eins og segir í orðabók Webster's sem lýst var í kafla 1.1. hér að framan. Trúarleg hegðun einstaklings getur því þróast í það að verða hjátrú fyrir íþróttamenn líkt og þegar leikmenn bera kross, signa sig eða biðja til síns guðs. Þetta er líklega ekki talin mjög merkileg, hversdagsleg athöfn fyrir íþróttamenn en þegar það kemur að íþróttum og þeir telja að þetta leiði til betri frammistöðu í leiknum þá er hægt að líta á þetta sem hjátrú. Arnar Hólm sýnir fram á þessi tengsl milli hjátrú og trúar íþróttamanna þar sem hann segir:

Einhverjir voru alltaf að spila með kross og kyssa hann, á meðan aðrir signa sig. Margir fara með bænir og svo þegar þeir skora mörk eins og Papiss Cisse. Um leið og hann skorar þá bara fer hann á hnén og byrjar að fara með bænir og það má enginn vera nálægt honum. Það er reyndar orðin trú en ekki hjátrú (AÖA 4, 2015).

Hér lýsir Arnar Hólm athöfn Papiss Cisse, sem er leikmaður Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, þegar hann skorar fyrir lið sitt. Þetta er lífstíll þessa ákveðna leikmanns og óháð því hvort hann lítur á þetta sem trú eða hjátrú þá er þetta athöfn sem

leikmaðurinn telur sig verða að framkvæma. Til að trú hans missi ekki gildi sitt líkt og með hjátrú margra leikmanna.

Sunna Rut hafði svipaða sögu að segja frá tengslum hjátrú og trú leikmanna; „leikmenn frá Afríkulöndum eru kannski þvílíkt að passa sig fara með hægri fótinn inn á völinn fyrst eða með vinstri fótinn, alltaf rosa mikið að grípa í grasið og signa sig“ (AÖA 3, 2015). Trú leikmanna sem og hjátrú getur komið fram í mismunandi myndum sem áhorfendur skilja lítið í en hefur merkingu fyrir íþróttamanninn. Hjátrú líkt og trú er mjög persónubundin en það sama má segja um hjátrú tengda hlutum sem verður farið nánar í hér á eftir.

#### 4.1.4 Hjátrú og hlutir

Hjátrú tengd hlutum er líklega ein þekktasta tegund hjátrúar í dag. Það hafa margir heyrt um einstakling sem hefur hjátrú tengda einhverjum ákveðnum hlut. Hjátrú fylgir einstaklingum í gegnum lífið líkt og sumir hlutir geta fylgt íþróttamönnum í gegnum íþróttuferillinn. Hvort sem það sé að setja eina krónu í sokkinn eða hlaupa með lykil í hendinni (AÖA 2, 2015). Þessi huglæga hugmynd um að einhver einn hlutur verði til þess að frammistaða þín í keppni muni verða enn betri, hefur og mun eflaust ávallt fylgja íþróttum. Sunna Rut lýsti dæmi þar sem hún fann tengingu milli ákveðins hluts og frammistöðu sinnar í leik:

Ég er að byrja að spila leik, sem sagt fótboltaleik og ég fattaði bara strax að ég var með hálsmen á mér. Við megum ekkert spila með hálsmen og ég var byrjuð í leiknum og ég ætlaði bara að taka það af mér í hálfleik. Svo skoraði ég í leiknum og var ekki búin að skora lengi, smá þurrkatíð hjá mér. Svo skoraði í leiknum og í hálfleik þá var ekki séns að ég tæki af mér hálsmenið, það var einhver svona hjátrú hjá mér og ég tók ekki af mér hálsmenið. Ég kláraði leikinn og það gekk mjög vel, átti mjög góðan leik. Í næsta leik, þá varð ég að vera með hálsmenið aftur og var eitthvað að fela það fyrir dómáranum (AÖA 3, 2015).

Sunna er vissulega ekki fyrsti og svo sannarlega ekki seinasti íþróttamaðurinn sem tengir góða frammistöðu í keppni við ákveðinn hlut sem hefur ekki verið til staðar áður. Eins og talað var um hér að ofan, þar sem hjátrú tengd athöfnum er oft mjög augljós, þá getur hjátrú tengd hlutum verið jafn dulin. Hún hefur ákveðin áhrif á íþróttamennina sem þeir einir finna fyrir en til þess að skilja þessi áhrif þarf að gera þeim betri skil.

## 4.2 Áhrif hjátrúar

Hjátrú er að finna í flestum íþróttum heims í dag, þar með töldum handknattleik og knattspyrnu. Sálfræðingar í dag telja þó að hjátrú íþróttamanna sé eingöngu sálfræðileg og hafi engin raunveruleg áhrif á frammistöðu þeirra. Fræðimenn segja í dag að íþróttamenn noti hjátrú eingöngu til að takast á við álagið sem fylgir keppni í íþróttum. Vyse skilgreinir hjátrú

sem eitthvað sem eykur sjálfstraust leikmanna og lætur þá fá á tilfinninguna að þeir hafi stjórn á aðstæðum, sem leiðir til betri frammistöðu í keppni. Hins vegar ef hjátrúin heppnast ekki fyrir keppni, þá getur það leitt til minna sjálfstrausts og þar af leiðandi lakari frammistöðu í íþróttinni (Vyse, 2000: 132). Hjátrú er huglægt fyrirbæri, öll þau áhrif sem hjátrú gefur af sér gerist í huga íþróttamannsins. Gott dæmi er þegar Matthías lýsir þessu í frásögn sinni:

Ég persónulega trúi því ekki að ef þú klikkar á hjátrúnni þá áttu verri leik, ég held að það sé frekar hausinn þinn. Ef þú ert með hausinn við eitthvað annað en leikinn þá áttu frekar verri leik, ég held að hjátrúin sé bara þægileg, þér líður kannski meira eins og þú sért á þínum eigin velli eða á þínum eigin heimavelli þegar þú nærð að gera hjátrúna þína. Segjum sem svo að ég hefði gleymt til dæmis svörtu sokkunum mínum eða eitthvað og þá hefur mér líðið verr í fótunum, þá hefði ég alltaf verið að þæla í því (AÖA 6, 2015).

Hér talar Matthías um það hvernig hann telur að hjátrú geti haft áhrif þegar hann er í keppni. Hann áttar sig á því að hjátrú sé í öll í hausnum á sér, samt sem áður heldur hann í hjátrú sína vegna þeirra áhrifa sem hann telur að hún gefi. Þegar hjátrú er farin að leiða til verri frammistöðu í keppni vegna þess að hún klikkar á einhvern hátt þá má spyrja sig hvort hún sé í raun og veru þess virði. Í þessu tilviki er þetta orðið spurning um hvort ávinningurinn af því að framkvæma ákveðna hjátrú vegi meira en hættan á að hún klikki. Jóna Sigríður nefnir einnig að áhrif hjátrú sé einungis huglæg:

Þetta er eins og maður, mætir seint þá stuðar mann allt, það fer svona í hausinn á manni. „æjj það gekk illa, ég var ekki með herna...“ var ekki í réttu sokkunum eða eitthvað. Það skiptir engu máli, þetta var bara hausinn. Maður fór að hugsa. Bíddu ég er búin að spila 2x í þessum skóm og mér gekk ógeðslega vel og ef ég er ekki að spila í þessu þá kannski gengur mér ekki vel. Maður er alltaf að reyna að finna einhverja ástæðu, örugglega alltaf eitthvað annað en sjálfan sig (AÖA 5, 2015).

Þetta er annað dæmi um hvernig hjátrú hefur áhrif á frammistöðu íþróttamanns, þar sem íþróttamaðurinn áttar sig á því að hjátrúin sé aðeins í hausnum á henni. Samt sem áður rígheldur hún í hjátrúna þar sem hún getur varpað slæmu gengi á annað en sjálfa sig. Þar af leiðandi missir hún ekki sjálfstraust fyrir næstu keppni þar sem frammistaðan var ekki henni að kenna, heldur var það vegna þess að hjátrúin klikkaði. Flestir íþróttamenn geta tengt við þetta á einhvern hátt og rifjað upp eigin reynslu af því hvernig hjátrú hefur haft áhrif á spilamennsku. Margir íþróttamenn eru í afneitun um að þeir séu hjátrúafullir en þeir grípa sjálfan sig samt sem áður við að framkvæma ákveðna rútinu fyrir hverja og eina keppni, en halda því samt fram að þau séu „ekki hjátrúafull“. Íþróttamenn eiga því til að blekkja sjálfan sig með því að annað hvort kenna hjátrú um eða hæla henni fyrir góða frammistöðu líkt og Leifur kemur inn á; „Þetta er allt í höfðinu á fólki, það telur sig þurfa að vera í einhverjum bol til þess að geta kastað bolta“ (AÖA 1, 2014).

Lítið er þó vitað með vissu um áhrif hjátrú á frammistöðu íþróttamanna en hjátrú sem hefur gengið vel leiðir óneitanlega til betri frammistöðu vegna aukins sjálfstraust sem hún getur gefið af sér. Það mætti því leiða líkur að því að frábær frammistaða íþróttamanna er líklega blanda af hæfileikum, vinnusemi og hjátrú þeirra.

### 4.3 Munur á hjátrú milli íþróttara

Í þessum kafla verður skoðað hvort viðmælendur mínir töldu að það væri munur á hjátrú milli íþróttara, þá aðallega handknattleik og knattspyrnu. Hjátrú meðal íþróttamanna var mjög svipuð miðað við þær frásagnir sem rannsakandi fékk frá viðmælendum sínum, auk þess sem þau voru flest sammála um að hjátrú meðal íþróttamanna væru mjög svipaðar í heild sinni. Matthías lýsti sinni skoðun á mun á hjátrú milli íþróttara:

Það getur vel verið að það séu markmenn í fótbolta eða einhver í handbolta, mæti og byrji á því að slá tvisvar í hverja slá eða þess háttar. Heilt yfir held ég að þetta sé sami hluturinn, það getur náttúrulega verið mismunandi, ég held að munurinn felist aðallega í því hvernig þú ert að undirbúa þig fyrir leikinn, mismunandi bara form af því. Ef þú ert í handbolta finnst þér kannski þægilegast ef þú ert að hita upp með 14 manns, að hlaupa lengst til hægri. Ég meina, ef þú ert í einhverri annarri íþrótt eða eitthvað, þá viltu kannski gera eitthvað annað (AÖA 6, 2015).

Hjátrú getur haft hinar ýmsu birtingarmyndir og það virðist vera að flestir þeirra íþróttamanna sem rætt var við hafi á einhverjum tímamarki haft svipaða hjátrú. Hvort sem það hafði að gera með fatnað, mataræði eða ákveðna athöfn þá er að finna margt sameiginlegt hvað varðar hjátrú viðmælenda. Það má leiða líkur að því að það gæti stafað af gerð íþróttanna sem viðmælendur stunda, en allir sex viðmælendur stunda eða stunduðu annað hvort handknattleik eða knattspyrnu. Þar sem báðar þessar íþróttir myndu teljast til boltaíþróttara, þá getur það vissulega verið talið sem ástæða þess að hjátrú þessara íþróttamanna sé svona svipuð. Til dæmis benda bæði Marteinn og Sunna á þetta í svörum sínum þar sem Marteinn segir:

Ég held að þessar boltaíþróttir séu svipaðar sko því að þær snúast um sko úthald, hraða, snerpu og styrk, á meðan einhverjar aðrar íþróttir snúast um aðra hluti. Þar er kannski ekkert verið að spyrja um úthald til dæmis. Ætli það sé ekki bara jafn mismunandi milli íþróttara eins og einstaklinga. Það þarf einhverja rannsókn í það (AÖA 2, 2015).

Á meðan Sunna segir í sínu svari; „ég held að það sé ekkert mikill munur á milli íþróttanna, frekar munur á milli fólksins“ (AÖA 3, 2015). Íþróttahæimurinn er fullur af hjátrúafullum einstaklingum um allan heim en það er persónubundið hversu hjátrúarfullt fólk getur verið. Hjátrú er oft notuð sem útskýring á góðu gengi leikmanns eða liðs auk þess sem hún getur

verið orsakavaldur slæms gengis hjátrúarfullra íþróttamanna. Hjátrú getur verið eins mismunandi eins og hún er margvísleg. Hér á undan hafa viðmælendur lýst þeirri hjátrú sem þau hafa upplifað og framkvæmt í gegnum ferillinn sem og hvað þau hafa séð eða heyrt frá öðrum. Þeim var skipt í nokkra flokka, hjátrú tengda mat, hjátrú tengda fatnaði, hjátrú og athöfn og að lokum hjátrú og hlutir. Innan þessara kafla er hægt að greina þann mun sem hægt er að finna á hjátrú milli íþróttta. Auk þessara flokka var áhrifum hjátrúar gerð skil með sögum viðmælenda til hliðsjónar. Í kaflanum hér á eftir verður farið í þá innvígslusiði sem þekkjast í íþróttiheiminum, með áherslu á innvígslur í handknattleik og knattspyrnu.

## 5 Innvígslusiðir í íþróttum

Innvígslur virðast vera töluvert algengar samkvæmt viðmælendum óháð því hvort þau hafi upplifað innvígslu sjálf. Innvígslusiðir geta þó verið mjög breytilegir og hér verður þeim gert skil ásamt því sem áhrif og viðhorf til þeirra verður rannsakað.

### 5.1 Tegundir innvígslusiða

Innvígslusiðir hafa fengið á sig neikvæða mynd í kjölfar umræðna sem skapast hafa í fjölmiðlum og verður þeim innvígslusiðum auk annarra lýst í framhaldinu. Það eru líklega til fjöldinn allur af innvígslusiðum í íþróttiheiminum, en hér verður lögð áhersla á innvígslusiði sem þekkjast í handknattleik og knattspyrnu. Þetta hefur vissulega breyst mikið í gegnum árin og er enn að breytast. Nokkrir viðmælendur mínir nefndu að þau sjálf hefðu sloppið við allt sem myndi kallast innvígsla þegar þau voru að koma upp í gegnum flokkana, í kringum 16-17 ára aldur. Það hefur þó breyst með árunum líkt og Sunna talar um; „ég man ekki til þess að það hafi verið nein svona innvígsla, það var ekki einu sinni svona kjúllaregla þar sem að yngsti þarf að tína saman alla boltana eða eitthvað svoleiðis. Ég slapp rosalega vel ef ég hugsa út í það til baka. Því það er alveg öðruvísi í dag.“ (AÖA 3, 2015).

Viðmælendur mínir virðast telja að þessi þróun sé að breytast aftur í kjölfar þeirra umræðu í samfélaginu að innvígslusiðir séu einungis neikvæðir og skapi slæmt umtal í íþróttiheiminum. Gott dæmi er þegar Jóna Sigríður segir frá:

Í svona flestum liðum af því að nú er ég búin að prófa alveg fjögur lið þá er einhver veginn aldrei neitt sem tíðkast að gera, það er alltaf talað um það en það er svona búið að loka á allt út af einhverjum mórál. Hræddir um að stelpurnar þori ekki að koma þá eða...það er búið að taka fyrir allt svona sem heitir innvígslusiður (AÖA 5, 2015).



Rassskellingar sem innvígslusiður virðist vera mjög þekkt fyrirbæri í íþróttahéimnum en sá siður virðist einungis vera tengdur við handknattleiksmenn samkvæmt viðmælendum mínum. Þetta er siður sem hefur lengi verið við gildi og hingað til hafa fáir kvartað undan þessu (Kolbeinn Tumi Daðason, 2012). Matthías lýsir þessum sið í frásögn sinni af því þegar hann var vígður fyrst inn í meistaraflokk:

Þetta klassíska, rassskelling í handbolta. Ég held að við höfum ekki tekið þessa innvígslu fyrr en við spiluðum fyrsta heimaleikinn ef ég man rétt og þetta var svona breytilegt því við vorum svo ungt lið en vorum með nokkra eldri sem var búið að vígja inn í meistaraflokk. Það var alltaf verið að gefa þessum yngri séns að vera með í leikjum eftir því sem leið á tímabilið og við settum þá reglu í fyrsta leik að þeir sem voru vígðir inn á þessu tímabili myndu ekki fá að vígja inn fyrr en á næsta tímabili. Eftir leikinn var bara farið í sturtuklefanum, varst látinn stilla þér upp við vegg og þar voru allir sem fengu að rassskella einu sinni á rasskinnina og þetta var mjög brutal. Þetta voru kannski einhverjir 8-10 manns sem fengu að rassskella mig og ég var vel marinn eftir þetta og það var óþægilegt að fara í sturtu eftir þetta. Mennt voru kannski að klína smá harpixi á puttana til að gera þetta ennþá verra. Þetta var bara hefð og maður hafði heyrt af þessari hefð úr öðrum meistaraflokkum og maður bara vissi að þetta væri eitthvað sem að maður þyrfti að ganga í gegnum (AÖA 6, 2015).

Hér lýsir viðkomandi sinni reynslu af því þegar hann var rassskelltur af liðsmönnum sínum þegar hann kemur inn í meistaraflokk í handknattleik. Eins og hann segir þá leit hann ekki á þetta sem val, heldur var þetta eitthvað sem hann þurfti bara að ganga í gegnum. Yfirleitt eru íþróttamenn þó ekki tilneyddir til að gangast undir innvígslu ef viðkomandi er harðlega á móti tilteknum sið. Þetta telst þó vera hefð sem flestir ef ekki allir sem á undan hafa komið, hafa gengið í gegnum. Það eru að sjálfsgöðu ekki allir innvígslusiðir sem ganga út á að rassskella liðsfélaga sína eða meiða, einnig eru til innvígslusiðir þar sem tilgangurinn er að hafa gaman og gera smá grín að hvorum öðrum. Gott dæmi er frásögn Sunnu af innvígslusiðnum sem viðgengst í hennar félagi:

Allar búnar að stilla vekjaralukkuna, þessar elstu á 6:30 eða eitthvað og algjört helvíti að vakna, maður var alveg ekki að nenna þessu. Svo förum við á fætur og alveg búnar að plana þetta. Það var til dæmis ein stelpa sem að var með nýliða í herbergi þannig að hún þurfti að læðast fram. Svo hittumst við allar á ganginum, allar með vatn eða brúsa í höndunum og við erum bara búin að skipa alveg niður, tveir á hverja hurð að banka sko, bara um miðja nótt, fram á gangi. Segja þeim að opna, að drulla sér að opna, alveg gólandi. Flestar opna nú og við beint inn og hellum vatni á þær, alltaf ein upp í rúmi og hin að opna fyrir manni þannig að við helltum á þær og svo allar fram á gang og þá var strollan tekin, það þurfti að vera í halarófu, labba niður og út í sundlaugargarð og þar voru gerðar æfingar. Nema að þetta klikkaði aðeins því að sundlaugarvörðurinn var ekkert sáttur að við vorum þarna um miðja nótt, komin út í sundlaug. Þetta var ógeðslega skemmtilegt, þá voru þær að taka þvílíkar æfingar og þetta átti að enda þannig að þær áttu að hoppa út í íísskaldalaug. En það klikkaði því að hann harðneitaði, við máttum ekkert fara út í laugina svona um miðja nótt en þær gerðu æfingar og síðan þurftu þær að draga allar einn miða og það þurftu þær að framkvæma yfir daginn sem að var að fara að koma. Miðinn var kannski, þú varst kannski nuddari flokksins, áttir alltaf að vera bjóðast til að nudda eldri leikmennina, ein þurfti alltaf að vera að koma með vatn á æfingar og eitthvað svoliðis (AÖA 3, 2015).

Hér er dæmi um innvígslusið úr knattspyrnu sem er ekki ofbeldisfullur og tilgangur hans er að allir skemmti sér.

Hér voru tekin dæmi um tvo innvígslusiði sem eru í mismunandi íþrótt og eru mjög ólíkir í framkvæmd. Það eru auk þessara tveggja til mikið magn af öðrum innvígslusiðum sem viðgangast, til að mynda; „ég hef heyrt um það að fólk þurfi að standa upp á stól og syngja lag“ (AÖA 1, 2014). Sami viðmælandi segir líka; „í einhverju liði, þá áttiru að segja frá fyrstu kynlífsreynslunni þinni“ (AÖA 1, 2014).

Það er ljóst að línan milli gamansemi og valdabaráttu innan íþróttaliðanna getur verið þunn. Hér í framhaldinu er markmiðið að skoða þau áhrif sem viðmælendur telja að innvígslusiðir beri með sér auk þess sem viðhorf þeirra til innvígslusiða verður rannsakað.

## 5.2 Áhrif og viðhorf til innvígslusiða

Eins og fram hefur komið þá eru skiptar skoðanir á því hvaða áhrif innvígslusiðir hafa á nýliða í íþróttum. Spurning er hvort innvígslusiðir leiði til jákvæðra áhrifa þar sem nýliðar fá það á tilfinninguna að þeir sé velkomnari en áður. Eða fela innvígslusiðir í sér mikinn kvíða og hræðslu og hafa þar af leiðandi neikvæð áhrif á nýliða. Viðmælendur mínir höfðu skiptar skoðanir, eins og við mátti búast en flestir töldu þetta vera persónubundið og ekki mætti taka innvígslusiði of heilaga. Sunna lýsir þessu vel í eftirfarandi tilvitnun:

Rassskellingar gætu alveg lent illa á einhverjum einum sem kannski segir ekki frá því að hafa kannski lent í ofbeldi í æsku eða eitthvað þannig. Það gæti alveg verið eitthvað þannig en þá erum við bara komin út í það að allt gæti haft áhrif á einhvern. Ef við erum að segja þeim að stinga sér út í sundlaug, þá gæti það allt eins haft áhrif á einhvern sem hefur kannski lent í einhverju sundatviki þegar hann var yngri (AÖA 3, 2015).

Vissulega verða að vera einhver mörk fyrir því hversu langt hægt er að ganga, líkt og í rannsókn sem framkvæmd var við Alfred háskóla sem nefnd hefur verið. Þar sem kom fram að nýliðar væru neyddir til að brjóta lög eða gangast undir einhvers konar líkamsmeiðingar gegn vilja sínum (sjá kafli 1.2). Eins og Sunna segir í frásögn sinni hér fyrir ofan þá er erfitt að átta sig á því hvað gæti haft áhrif á hvern einstakling. Þörfin meðal ungs fólks til að tilheyra ákveðnum hópum getur verið það sterk að nýliðar tjá sig ekki, óháð því hvort þeim líði illa með ákveðna innvígslu eða ekki. Nýliðar hafa horft á eldri leikmenn ganga í gegnum ákveðna innvígslu, því verða þeir undir áhrifum eldri leikmanna sem láta eins og innvígsla sé lítið mál. Áhrif innvígslu getur fylgt leikmönnum í gegnum lífið og getur mótað þá ímynd og væntingar sem nýliðar hafa til annarra leikmanna í framtíðinni (Alfred University, 1990: 18-19).

Það er erfitt að setja öll mál sem tengjast innvígslusiðum undir einn hatt þar sem hver innvígslusiður getur haft mismunandi áhrif á hvern og einn einstakling líkt og Marteinn nefnir:

Hvert tilvik er einstakt, það þarf að vera einhver sem þekkir viðkomandi og ef þetta er einhver einstaklingur sem er kannski á eitthvað erfitt fyrir og lendir svo í þessu. Þá er nú líklegra að hann sökkvi enn dýpra og gjáin milli hans og einhverra aðra vina verði meiri. En ég held þetta sé bara í örfáum tilvikum. Yfirleitt er bara verið að poppa upp (AÖA 2, 2015).

Hér sést hvar Marteinn talar um þau áhrif sem innvígsla getur haft á leikmenn en að sama máli talar hann áhrif þess niður. Innvígslan getur mögulega haft djúpstæð áhrif sem aðrir leikmenn íþróttaliðsins verða ekki varir við og getur leitt af sér eitthvað sem þeir leikmenn sem framkvæmdu innvígsluna létu sig ekki muna um.

Flestir viðmælendur mínir voru sammála um að innvígsla gæti mögulega haft áhrif á einstaklinga, en það væri þó persónubundið. Þrátt fyrir að gera sér grein fyrir þessum áhrifum þá telja þeir að innvígslusiðir hafi áhrif í fæstum tilvikum og séu ekkert sem hindrar unga leikmenn í að vilja ganga upp í meistaraflokk sinnar íþróttar (AÖA 6, 2015). Innvígslusiðir hafa lengi verið við gildi í íþróttum en það er þó ekki fyrr en nýlega sem margir af þeim hafa uppgötvast. Í kjölfarið hafa þeir vakið missterk viðbrögð almennings og fannst mér við hæfi að heyra hvaða skoðun íþróttmenn hefðu sjálfir á hugmyndinni um innvígslusiði. Leifur lýsir hér sinni reynslu og viðhorfi til innvígslusiða:

Þetta var reynsla en ég tel þetta ekki hafa verið slæma reynslu. Mín reynsla var allavega ekki það slæm. Mér finnst að það eigi alltaf að vera ákveðin innvígsla, hvort sem það sé í formi rassskellinga eða eitthvað annað. Maður skilur alveg þann punkt að banna það og hætta með þessar rassskellingarsíði. Ég er ekkert á móti því að hætta því en ég er á móti því að hætta innvígslu innan gæsalappa, inn í svona íþróttaklúbb því ég tel þetta vera frekar, frekar mikilvægt að þetta sé þá gert. Hvort sem að það sé að syngja fyrir framan alla eða svona, bara aðeins að gera eitthvað svona öðruvísi til að komast betur inn í þetta (AÖA 1, 2014).

Upplifun fólks af atburðum líkt og innvígslu getur verið ólík en nokkuð var um að viðmælendur drógu úr alvarleika innvígslu og því sem fór fram þar. Þrátt fyrir að upplifun viðmælenda minna hafi mögulega verið vægari, þýðir það ekki að það gildi fyrir alla. Viðmælendur mínir virðast ekki telja að markmiðið með innvígslusiðum sé að niðurlægja eða valda skaða þrátt fyrir að það geti oft orðið raunin. Arnar Hólm lýsir sinni skoðun á rassskellingum:

Ég held að rassskellingin hafi kannski byrjað sem einhver niðurlægning en er orðin meira einhver líkamsmeiðing núna en niðurlægning. Þetta er orðin meiri keppni hver getur orðið rassskellt fastar og getur gert meira far og svo bara hver af nýliðinum er með mesta marblettinn og sárin (AÖA 4, 2015).

Hér segir Arnar Hólm frá því hver hann telur að þróun innvígslusiða hefur verið. Hann virðist því velta því fyrir sér hvaða afleiðingar innvígslusiðir geta haft í för með sér þegar þetta er orðið tilgangurinn með þeim.

Viðmælendur mínir töldu þó allir að einhvers konar innvígsla væri nauðsynleg til þess að nýliðar gætu aðlagast hópnum. Það getur verið erfitt að koma inn í nýjan hóp þar sem leikmaður getur mögulega verið töluvert yngri og átt erfiðara með að tengjast þeim sem fyrir eru í hópnum. Það eru þó til leiðir til að halda þessu innan marka, Marteinn kemur með gott dæmi um eina af þeim leiðum:

Mér finnst það fínt að hafa svona eitthvað aðeins til að poppa þetta upp, oft vantar einhvern icebreaker og þá getur þetta verið eitthvað svoleiðis til að koma hópnum aðeins þéttara saman. Aftur á móti þá þarf þetta að vera innan ákveðins ramma og þjálfarinn þarf að goodera þetta. Mér finnst það crucial (AÓA 2, 2015).

Hér kemur Marteinn inn á það hvers vegna hann telur að innvígslusiðir séu nauðsynlegir og hvaða hlutverki þeir gegna í íþróttaliðum. Hins vegar telur hann að það sé mikilvægt að allir þátttakendur innvígslunnar, hvort sem það sé gerandi eða þolandi séu samþykkir. Einnig telur hann að þjálfari íþróttaliðsins verði að samþykkja innvígsluna svo að mórallinn í hópnum líði ekki fyrir það sem viðgengst.

Það hefur verið ákveðin vitundarvakning í sambandi við innvígslusiði, bæði hér á landi og úti í heimi. Innvígslusiðir eru taldir vera komnir langt yfir öll mörk og samtök háskólaíþróttamanna í Bandaríkjunum eru byrjuð að taka skref í áttina að því að hafa meiri stjórn á þessum aðstæðum (Woods, 2007: 336-337). Á Íslandi hefur orðið mikil vakning undanfarin ár í kjölfarið á því að innvígslusiður handknattleiksmanna, rassskelling af öllum leikmönnum liðsins eftir fyrsta meistaraflokksleikinn, komst í fréttirnar. Höfundur ritgerðar hefur heyrt af því að þessi siður hefur verið lagður af í langflestum félögum í kjölfarið á samfélagslegum viðbrögðum. Óháð því sem viðmælendur mínir telja þá virðast innvígslusiðir vera orðið raunverulegt vandamál í íþróttahéminum líkt og kemur fram í rannsókn sem framkvæmd var við Alfred háskóla í Bandaríkjunum (sjá kafli 1.2). Þrátt fyrir aukin vandamál tengd innvígslusiðum, þá telja viðmælendur mínir að innvígslusiðir séu nauðsynlegir, til þess að geta boðið nýliðana velkomna inn í þann hóp sem hefur myndast. Rassskellingar virðist vera þekktasta dæmið um innvígslusiði hér á landi en flestum viðmælendum mínum þótti það gróf innvígsla. Þau voru sammála um að því mætti breyta en vildu reyna að halda í einhvers konar innvígslu til þess að auðvelda aðlögun íþróttamanna upp um flokka eða í aðra íþróttaklúbba.

### 5.3 Innvígslusiðir í ljósi kenninga

Innvígslusiðir eru þekkt fyrirbæri í íþróttahæminum eins og fram hefur komið og eiga sér stað í mörgum íþróttagreinum. Hvort sem að almenningur viti af þeim eða ekki, þá eru þeir til staðar. Það er margt sem fylgir innvígslusiðum sem og tilgangi þeirra, til dæmis eru þeir notaðir til að auðvelda aðlögun nýrra þátttakenda í liðinu. Hér verða innvígslusiðir skoðaðir í samhengi við fyrrnefndar kenningar og hugtök.

Eins og komið var inn á hér að ofan þá má segja að íþróttaleikur endurspegli ákveðna smækkun á samfélaginu (e. microcosmos) þar sem nokkrir hópar myndast. Fræðilega séð getur hópur samanstðið af tveimur einstaklingum, sem eiga að minnsta kosti eitthvað eitt sameiginlegt. Því eru íþróttalið tilvalin dæmi um hóp, þar sem eru ákveðnar hefðir og siðir viðgangast og til þess að kynnast þeim reglum sem gilda innan hópsins þurfa leikmenn að gangast undir innvígslu (sjá kafla 1.4). Líkt og Sunna nefnir í frásögn sinni:

Þetta þjappar hópnum mjög vel saman og er í rauninni líka bara leiðin til að bjóða þig velkomin. Þegar þú ert búin að stíga þetta skref, gera þig að fífla eða vera rassskelltur eða eitthvað svona, þá ertu svona. Já nú er ég alvöru, nú er ég kominn inn í þennan hóp (AÖA 3, 2015).

Hér talar Sunna um að með því að gangast undir ákveðna innvígslu, hver sem hún getur verið, ertu að komast inn í þann hóp sem meistaraflokkur hvers íþróttafélags er. Auk þess ertu að slíta gömul tengsl við gamlan hóp, öðlast nýja reynslu og ganga í nýjan hóp líkt og Victor Turner nefnir þegar hann skilgreinir hópkennd. Með því að gangast undir innvígslu er leikmaður að mynda ný tengsl við aðra meðlimi íþróttaliðsins og í framhaldinu er leikmaður samþykktur sem hluti af hópnum. Leikmaður er því búinn að slíta þau tengsl sem hann hafði við yngri flokka síns íþróttaliðs auk þess sem leikmaður hefur öðlast sameiginlega reynslu með öðrum meðlimum hópsins sem er meistaraflokkur íþróttaliðsins (sjá kafla 1.4).

Innvígslusiðir eru hluti af sögu íþróttar og hefur lengi verið hefð fyrir slíku innan íþróttafélaga. Þeir eru hluti af því að sýna nýjum leikmönnum hvaða reglur og siðir eru við gildi sem leiðir til inngöngu inn í þennan hóp sem samanstendur af leikmönnum íþróttaliðs. Til að byrja með er ákveðin aðgreining milli þeirra sem hafa ekki spilað með meistaraflokkum síns félags og þeirra sem hafa verið hluti af liðinu í einhvern tíma. Þessi aðgreining er oft ekki sýnileg en hún sést þó helst í formi þess að nýjir leikmenn eru látnir ganga frá eftir æfingar. Hins vegar, þegar það kemur að innvígslu nýliða og henni lýkur verður hópurinn að einni heild. Gott dæmi er frásögn Matthíasar þegar hann lýsir upplifun sinni á rassskellingu:

Sýna að þú getir höndlað þetta og þá ertu orðinn hluti af hópnum þannig að ég held að það hafi svolítið verið þælingin hjá okkur. „jæja nú ert þú að fara að vera hluti af hópnum, nú erum við að fara að vígja þig inn í hópinn“. Þetta var bara sú þæling, þegar þú ert búinn að ganga í gegnum þetta ertu orðinn einn af okkur (AÖA 5, 2015).

Hér talar hann um upplifun sína af því að fá viðurkenningu innan þess hóps sem meistaraflokkur er. Hér er hann að ganga í gegnum sömu innvígslu og núverandi leikmenn hópsins hafa gengið í gegnum og upplifir því þá tilfinningu að vera hluti af hópnum, svonefnda hópkennd, eða hluti af stærri heild. Rassskellingar sem innvígslusiður eru gott dæmi til að lýsa hugtökunum *normative* og *spontaneous* hópkennd, þar sem *normative* hópkennd er upplifun nýliða sem gangast undir innvígsluna. Rassskelling getur verið mismunandi upplifun fyrir hvern og einn einstakling, sumir eru viðkvæmari en aðrir eða jafnvel kvíðnari fyrir athöfninni. Mismunandi reynsla einstaklinga markar misstór spor í lífi hvers og eins. Því er ekki hægt að ætla öllum sömu viðbrögð við sömu aðstæðum. *Spontaneous* hópkennd væri síðan þeir leikmenn sem framkvæma siðinn, allir upplifa sömu spennutilfinninguna að fá að rasskella nýliðana til að bjóða þá velkomna í hópinn (sjá kafla 1.4). Það mætti því halda því fram að innvígsla sé ein af mikilvægustu tímapunntum í ferli íþróttamanns þar sem verið er að bjóða hann velkominn í hóp íþróttaliðsins. En á sama tíma verið að viðurkenna árangur hans, að vera kominn á hæsta stig sinnar íþróttar í sínu íþróttafélagi. Að vera kominn í meistaraflokk, hvort sem það sé í handknattleik eða knattspyrnu.

Innvígslusiðir eru einnig notaðir til greina á milli hverjir það eru sem tilheyra hóp og hverjir ekki. Hópar eru oft skilgreindir út frá sameiginlegri reynslu, en innan íþróttahéimsins getur það verið að hafa gengið í gegnum sama innvígslusiðinn á einhverjum tímapunnti. Því eru þeir einstaklingar sem hafa gengist undir innvígslu orðnir að „við“, á meðan þeir sem eru ekki innvígðir enn eru „hinir“ (sjá kafla 1.6). En þar segir, þeir sem eru frábrugðnir, teljast til „hinna“. Meðlimir íþróttaliðs eru því ákveðinn hópur, fyrir utan aðra hópa í samfélaginu. Þegar það kemur að nýliðum í liðinu er hugsunarháttur núverandi meðlima hópsins oft öðruvísi eins og Sunna segir frá; „það var einmitt bara svona þælingin, hey við erum merkilegri en þið og svo þegar þetta er búíð þá bara jafningar“ (AÖA 2, 2015). Þegar innvígslunni lýkur þá eru þeir sem stóðu fyrir utan hópinn og töldust vera „hinir“ orðnir hluti af hópnum og tilheyra „við“ hópnum.

Kenningin um „við og hinir“ á þó ekki einungis við um meðlimi íþróttafélagsins, heldur er hægt að færa þetta yfir samfélagið. Innvígslusiðum hefur lengi vel verið haldið innan íþróttahéimsins og passað að ekki myndi of mikið af upplýsingum um siðina dreifast út,

mögulega vegna hræðslu við viðbrögð samfélagsins. Árið 2012 kom upp mál þar sem fréttir af innvígslu í handknattleik, rassskellingum, voru sýndar í fjölmiðlum. Í kjölfarið á því mátti heyra og lesa um skiptar skoðanir á þessum tiltekna innvígslusið þar sem almenningur fordæmdi innvígsluna á meðan íþróttamenn virtust ekki kippa sér upp við þetta. Marteinn lýsir sinni skoðun á þessu í frásögn sinni:

Ég myndi halda að þetta væri deyjandi eins og er allavega, bara samfélagið er orðið þannig að það er alltaf verið að tala meira og meira um þetta, eitthvað sem hefur verið lokað og bundið inn í ákveðnum hóp áður. Það eru allir aðrir í samfélaginu farnir að vita um þetta og það eru aðrir farnir að gagnrýna þetta þannig að það er ekki alveg jafn mikið haldið út af fyrir sig (AÖA 3, 2015).

Marteinn lýsir hér þeim áhrifum sem það getur haft að deila þeim siðum og hefðum sem viðgangast í ákveðnum hópum með „hinum“. Þetta er því gott dæmi þar sem handknattleiksmennirnir, sem teljast sem „við“, eiga margir hverjir þessa reynslu sameiginlega, að vera rassskelltur. Almennur, sem væru þá „hinir“, virtust hafa lítinn skilning á sögunni eða hefðinni sem þessi innvígslusiður var. Fólk sem ekki var hluti af þessum íþróttahæmi, horfir allt öðrum augum á málið og í kjölfarið virðist þessi siður hafa verið lagður niður í flestum félögum þar sem hann hafði viðgengist.

Innvígsla virðist því vera mikilvægur hluti af því að vera hluti af íþróttaliði. Án hennar kynni að verða erfitt að viðurkenna hinn nýja meðlim íþróttaliðsins. Matthías hefur orð á þessu í frásögn sinni:

Það var alltaf litið á þetta sem svona, þú ert ekki kominn í meistaraflokkinn fyrr en það er búið að rassskella þig. Þú ert ekki orðinn hluti af þessum hóp fyrr en að allir eru búnir að rassskella þig og þegar allir eru búnir að rassskella þig þá þarftu aldrei að ganga í gegnum það aftur (AÖA 6, 2015).

Eins og Matthías nefnir, þegar innvígslunni lýkur er nýliðinn orðinn hluti af hópnum sem meistaraflokkur íþróttaliðsins er og jaðartímanum er lokið. Jaðartími sem er miðstig vígsluathafna er tími þar sem allt getur gerst, viðkomandi tilheyrir engum hóp og miklar breytingar eru í vændum. Á jaðartímanum, áður en innvígsla á sér stað, nota eldri leikmenn liðsins vald sitt og þá virðingu sem nýliðar hafa fyrir þeim til að sýna hver hefur valdið innan þessa hóps (sjá kafla 1.5). Á jaðartímanum breytist hins vegar hegðun íþróttamanna þegar þeir eru að aðlagast þeirri breytingu á hópnum að samþykkja nýja meðlimi. Að lokinni innvígslu verða allir jafningar.

## 5.4 Munur á innvígslusiðum milli íþróttta

Í þessum kafla verður munur á innvígslusiðum milli íþróttta skoðaður. Hér að ofan hafa viðmælendur mínir lýst hinum ýmsu innvígslum sem þau hafa séð, heyrt, upplifað eða jafnvel framkvæmt sjálf. Innvígslusiðir, í einhverju formi, hafa og munu líklega ávallt vera hluti af íþrótttaheiminum óháð því hvaða skoðun aðrir hafa á þeim. Viðmælendur mínir virðast ekki telja að það sé mikill munur á markmiði með innvígslusiðum milli handknattleiks og knattspyrnu, hins vegar telja þeir að hvernig innvígslan er framkvæmd sé annað mál. Arnar Hólm lýsir þessu í frásögn sinni:

ég held að í grunninn, nei. Markmiðið er alltaf það sama held ég, það er að vera með eitthvað svona sprell og gaman, þannig að ég held að það skipti ekki máli í hvaða íþrótt þú ert. Markmiðið með þessu innvígsludæmi er held ég ávallt það sama. Ég held að handboltinn sé meira líkamlegt á meðan að fótboltinn er meira svona djök og gera grín og verða þínu auli í smástund og líða smá illa að þurfa að syngja fyrir framan einhverja (AÖA 4, 2015).

Innvígsla getur haft hinar ýmsu birtingarmyndir, þrátt fyrir að markmiðið með þeim sé ávallt það sama og líklega hafa flestir íþróttamenn þurft að ganga í gegnum einhvers konar innvígslu. Hvort sem hún komi fram í rassskellingum eða að þurfa ganga frá eftir æfingar. Vissulega gætu innvígslusiðir komið fram á annan hátt en viðmælendur mínir hafa rætt hér. En út frá svörum viðmælenda minna þá virðist vera munur á hvernig einstaklingar eru innvígðir í handknattleik og svo knattspyrnu. Handknattleikur virðist hafa tileinkað sér rassskellingu til þess að bjóða nýja leikmenn velkomna í hópinn á meðan knattspyrnu hefur hallast í áttina að leikmenn þurfi að framkvæma ýmsar athafnir fyrir núverandi leikmenn liðsins.

Viðmælendur mínir virtust þó allir líta á innvígslusiði sem athöfn til þess að bæta mórál innan liðsins og tilgangurinn með þeim var að skemmta öllum. Innvígsla íþróttamanna virðist yfirleitt vera af jákvæðum toga og þær virðast svo sannarlega ekki vera á leið út úr íþrótttaheiminum í bráð.

## 5.5 Samantekt

Í 4. og 5. kafla hefur verið rætt um hjátrú og innvígslusiði í íþróttum, þar sem lögð var áhersla á þessi fyrirbæri í handknattleik og knattspyrnu. Hjátrú í íþróttum er þekkt fyrirbæri um allan heim. Viðmælendur mínir könnuðust allir við einhverja tegund af hjátrú, hvort sem þeir sjálfir framkvæma ákveðna hjátrú eða ekki. Hjátrú má líklega finna hjá flestum íþróttamönnum og margir hverjir þakka ákveðinni hjátrú þann árangur sem þeir hafa náð á sínum ferli. Það virðist þó vera ákveðin hræðsla við orðið hjátrú þar sem viðmælendur mínir kusu frekar að kalla



þessar athafnir rútinu en hjátrú. Viðmælendur virtust ekki vera fullviss um það hvað teldist vera hjátrú og hvað rútinu, þau neituðu oft fyrir að vera hjátrúarfull. Að sama skapi kom í ljós að ákveðin rútinu á sér oftast stað fyrir leiki hjá íþróttamönnum til þess að þeir verði tilbúnari til að ganga inn í þessa smækkun á samfélaginu sem leikur í íþróttum er.

Hjátrú getur komið fram í mismunandi tegundum og formi hjá hverjum og einum íþróttamanni, en að sama leyti spilað svipað hlutverk líkt og komið var inn á í kafla 4.2. Því hefur verið haldið fram að tilgangur hjátrúar sé að fólk upplifi þá tilfinningu að þau hafa stjórn í þeim aðstæðum er þau taka sér fyrir. Þetta er vissulega eitthvað sem á við þegar talið berst að hjátrú í íþróttum. Því meiri stjórn sem íþróttamaður telur sig hafa í leik, því sjálfsöruggari verður hann sem leiðir í kjölfarið til betri frammistöðu af hans hálfu. Áhrif hjátrúar er umdeild og getur vissulega haft bæði jákvæð sem og neikvæð áhrif á frammistöðu íþróttamanna. Vel heppnuð hjátrú getur leitt til auksins sjálfstrausts á meðan misheppnuð hjátrú getur leitt til þess að íþróttamaðurinn missi alla trú og gefist einfaldlega upp. Mikilvægt er að spyrja sig hvort hjátrú sé þess virði þegar frammistaða íþróttamanna veltur á því hvort þau klæði sig í vinstri eða hægri sokkinn fyrst. Eins getur hjátrú komið fram í mismunandi íþróttum, þó virðist svo vera að hjátrú í handknattleik og knattspyrnu séu mjög svipaðar. Hjátrú virðist frekar vera tengd íþróttamanninum sjálfum frekar en íþróttinni. Þó er erfitt að greina muninn þar á milli þar sem hjátrú getur verið svo mismunandi á milli einstaklinga.

Líkt og með hjátrú koma innvígslusiðir fram í mismunandi myndum og geta verið ólíkir. Flestir virðast þekkja rassskellingar sem innvígslusið, hvort sem það var af eigin reynslu eða heyrt af því frá öðrum eða í fjölmiðlum. Þrátt fyrir að rassskellingar virðist vera þekktasta form innvígslusiða í íþróttum þá er það langt frá því að vera það eina sem viðgengst. Söngur, þrautir og ákveðinn flutningur á atriðum virðist líka vera vinsælt meðal íþróttaliða til að bjóða nýja leikmenn inn í hópinn og verða hluti af þeirri hópkennd sem fyrir er. Hins vegar, áður en einstaklingur gengst undir innvígslu er hann í staddur í ákveðnum jaðartíma þar sem hann tilheyrir engum hóp. Hvorki hópnum sem hann var í á undan né er hann orðin meðlimur að nýja hópnum. Um leið og innvígsla hefur verið framkvæmd lýkur jaðartímanum og leikmaðurinn er „inngenginn“ og allir verða jafningjar. Allir þessir innvígslusiðir geta haft mismunandi áhrif á einstaklinga, en svipað og með hjátrú telja viðmælendur mínir að áhrif af innvígslusiðum séu persónubundin. Þau eru sammála því að ekki sé hægt að alhæfa um ákveðin áhrif á alla einstaklinga sem eru innvígðir í íþróttalið. Þegar umræða í kringum ákveðna innvígslusiði verður það slæm að hún er farin að hafa áhrif á þætti sem eru óháðir íþróttinni

sjálfri er hún búin að missa tilgang sinn. Þegar þeir einstaklingar sem eru ekki hluti af heimi íþróttanna eða „hinir“, blanda sér inn í umræðuna um tilgang og gildi innvígslusiða, þá horfa þeir öðruvísi augum á innvígslusiði en „við“ sem væru þá íþróttamennirnir. Meðlimir íþróttaliða eru ákveðinn hópur sem virðist ekki finnast innvígslusiðir vera mikið mál, á meðan þeir sem standa fyrir utan hafa aðra skoðun. Vissulega eru til innvígslusiðir sem fara yfir mörk fólks en það eru ekki einu innvígslusiðirnir sem þekkjast. Ekki er hægt að alhæfa um að allir innvígslusiðir séu slæmir eða góðir. Allir þeir sem framkvæma innvígslusiði eru ekki endilega að framkvæma þá í þeim tilgangi að þeir hafi slæmar afleiðingar. Munurinn á innvígslusiðum í handknattleik og knattspyrnu virðist aðallega liggja í framkvæmd siðsins, á meðan markmið þeirra virðist yfirleitt vera svipuð. Það er þó hægt að setja spurningamerki við innvígslur þegar þær eru farnar að hafa áhrif á leikmenn á þann hátt að þeir finni fyrir erfiðleikum með einbeitingu í öðrum athöfnum vegna hræðslu eða kvíða við innvígslu. Sama má segja þegar innvígsla er farin að hafa áhrif á daglegt líf eftir að innvígslu lýkur, þegar afleiðingar til að mynda rassskellinga er sú að einstaklingur getur ekki sest niður í einhvern tíma án þess að finna til óþæginda. Er þá ekki vert að spyrja sig hvort innvígslan sé farin úr böndunum. Innvígslur eru misalvarlegar og innan íþróttahéimsins er þetta ekki talið mikið tiltökumál eins og viðmælendur mínir nefndu, en flestir töldu að innvígslur væru ómissandi hluti af íþróttum.

## Niðurstöður

Í þessari rannsókn hefur hjátrú og innvígslusiðir í íþróttum verið tekið til rannsóknar. Rannsakandi hefur leitast við að varpa ljósi á þá hjátrú og innvígslusiði sem helst má finna í íþróttiheiminum, auk þess sem áhrif og viðhorf til þessara fyrirbæra voru til skoðunar. Rætt var við sex íþróttamenn, tvo karlmenn og einn kvenmann úr handknattleiksheiminum annars vegar og hins vegar tvo karlmenn og einn kvenmann úr knattspyrnuheiminum, sem sögðu frá sinni skoðun og viðhorfi til hjátrú og innvígslusiða innan íþróttahéimsins. Rannsókn mín hefur leitt í ljós að hjátrú í íþróttum sé algengt fyrirbæri, óháð því hvaða íþrótt hún tengist. Vissulega er hjátrú lík á milli íþróttar, til að mynda hjátrú tengd fatnaði en svo virðist vera að hjátrú íþróttamanns sé persónubundin, frekar en tengd ákveðinni íþrótt. Viðmælendur mínir töldu að hjátrú hefði meira að gera með einstaklinginn frekar en þá íþrótt sem þau stunda. Hjátrú íþróttamanna virðist vera eins mismunandi og íþróttamenn eru margir. Það er því ljóst að útfrá skoðun viðmælenda minna að það sé frekar munur á hjátrú milli íþróttafólksins en íþróttanna sjálfra en flestar gerðir hjátrú snúa að hlutum, mataræði eða fatnaði í bland við athafnir þeim tengdum. Sem dæmi má nefna það að fara í hægri sokkinn á undan þeim vinstri eða að borða alltaf það sama fyrir leik.

Hjátrú virðist geta gefið íþróttamönnum meira öryggi í athöfnum sínum inn á íþróttavellinum og leiðir í mörgum tilfellum til betri frammistöðu íþróttamanna einmitt vegna þessa öryggis. Hjátrú getur því spilað stórt hlutverk á ferli íþróttamanna í viðkomandi íþrótt. En niðurstöður gefa til kynna að hjátrú sé huglægt fyrirbæri sem hefur mismunandi áhrif og tilgang fyrir hvern og einn íþróttamann en undirliggjandi er viðleitni og tilraun einstaklingsins til að hafa áhrif á óorðna atburði og eigin frammistöðu.

Það virðist vera meiri munur á milli innvígslusiða milli íþróttar en það var með hjátrú íþróttamanna. Annars vegar þá virðast handknattleiksmenn hafa tileinkað sér rassskellingar sem form af innvígslu. En hins vegar hefur knattspyrnufólk tileinkað sér önnur form innvígslusiða, auk þess sem þeir virðast vera fjölbreyttari innan knattspyrnunnar, líkt og til dæmis söngur. Innvígslusiðir eins og rassskellingar þekkjast þó einnig innan knattspyrnunnar en virðast ekki vera í slíku aðalhlutverki þar. Handknattleiksmenn hafa tileinkað sér líkamlegri innvígslusiði á meðan knattspyrnan beinist frekar að andlega þættinum. Tilgangur innvígslunnar virðist vera að bjóða nýja leikmenn hópsins velkomna inn í íþróttaliðið annars vegar og hins vegar er um skemmtun að ræða. Einnig er innvígslusiðir oft á tíðum notaðir til

að bæta samkennd innan liðsins. Innvígsluathafnir standa sem ákveðinn jaðartími á meðan á þeim stendur, tími þar sem leikmaðurinn er hvorki utan liðshópsins né alveg innlimaður. Eldri og reyndari leikmenn sýna valdastöðu sína á meðan nýliðið gengur í gegnum vígsluna og veit að hann þarf að fara í gegnum sömu athöfn og allir hinir höfðu gert. Leikmaðurinn stendur því á þröskuldi liðsheildarinnar og að vígslunni lokinni telst hann vera inngenginn, sem einn af hópnum, einn af „okkur“. Athöfnin og innlimunin á einnig þátt í því að skapa og viðhalda þeirri hópkennd sem þarf innan liðsins svo þeir upplifi sig sem eina samstíga heild.

Að lokum má nefna að enn er mikið órannsakað á þessu sviði enda er viskubrunnur íþróttamanna um hjátrú og innvígslusiði að því er virðist óendanlegur. Framlag íþróttamanna til þjóðfræðirannsókna á þessu sviði getur verið ómetanlegt. Það er því von höfundar að þessi ritgerð sé aðeins grunnurinn að rannsóknum á þessu sviði og að í náninni framtíð verði hjátrú og innvígslusiðir íþróttamanna rannsakað enn frekar.

## Heimildarskrá

Árni Óla. (1975). *Dulheimar Íslands*. Reykjavík: Setberg.

Björn Bjarnason. (1950). *Ípróttir fornanna á Norðurlöndunum*. Reykjavík: S. Kristjánsson.

Coakley, J. J., & Pike, E. (2007). *Sports in society: issues and controversies*. London; Boston: McGraw-Hill Education.

Craig, S. (2002). *Sports and games of the ancients*. Westport, Conn: Greenwood Press.

Crowther, N. B. (2007). *Sport in Ancient Times*. California: Greenwood Press.

Creswell, John W. (2007). *Qualitative Inquiry and Research Design: Choosing Among Five Traditions*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications

Dundes, Alan. (1980). *Interpreting Folklore*. Bloomington: Indiana University Press.

Gennep, A.V. (1960). *The Rites of Passage* Chicago: The University of Chicago Press.

Gunnell, T. (2006). Busar, böðlar og jamberingar: Innvígluathafnir í íslenskum framhaldsskólum. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri). Í *Rannsóknir í félagsvísindum VII: félagsvísindadeild*. (bls. 823-833). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hall, S. (1997) „The Spectacle of the "Other".“ *Representation: Cultural Representations and Signifying Practices*. London: SAGE.

Huizinga, Johan. (1970). *Homo Ludens: A Study of the Play Element in Culture* (George Steiner þýddi). London: Granada Publishing Ltd. (Upphaflega gefið út 1949).

Íslensk orðabók. (1996). Árni Böðvarsson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og menning.

- Olivová, V. (1986). *Sports and games in the ancient world*. London: Bloombury Books.
- Rowe, Sharon (2008). Victor Turner and Contemporary Cultural Performance. Ritsjóri: Graham St. John. *Modern Sports: Liminal Ritual or Liminoid Leisure*. New York: Berghahn Books.
- Sansole, D. (1988). *Greek Athletics and the Genesis of Sport*. Los Angeles: University of California Press.
- Schechner, R. (2006). *Performance Studies: An introduction* (2.útgáfa). New York: Routledge.
- Schechner, Richard. (2013). *Perfomance Studies: An Introduction* (3. útgáfa). London: Routledge.
- Schippers, M. C., og Van Lange, P. A. (2006). *The Psychological Benefits of Superstitious Rituals in Top Sport: A Study Among Top Sportspersons*. [Rafræn útgáfa] *Journal of Applied Social Psychology*, 36(10).
- Sims, M. C. og Stephens, M. (2011). *Living Folklore: An introduction to the study of people and their traditions* (2.útgáfa). Logan: Utah State University Press.
- Símon Jón Jóhannsson. (1993). *Sjö, níu, þrettán: Hjátrú Íslendinga í daglega lífinu*. Reykjavík: Vaka Helgafell.
- Símon Jón Jóhannsson. (1999). *Stóra hjátrúarbókin: aðgengilegt uppflettirit um margvíslega hjátrú Íslendinga í hinu daglega lífi fyrr og nú*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Toelken, Barre. (1996). *The Dynamics of Folklore*. Logan: Utah State University Press.
- Turner, Victor. (2007). Liminality and Communitas. Í Henry Bial (ritstjóri), *The Performance Studies Reader* (bls. 89-97). London: Routledge. (2.útgáfa).

Turner, Victor (1982). *Liminal to Liminoid in Play, Flow and Ritual: An Essay in Comparative Symbolology*. Í Brooks McNamara og Richard Schechner (ritstjórar). *From Ritual to Theatre: The Human Seriousness of Play*. New York: PAJ Publications.

Urry, John. (1990). *The Tourist Gaze: Leisure and Travel in Contemporary Societies*. London: SAGE.

Vyse, S. A. (2000). *Believing in magic: The psychology of superstition*. New York: Oxford University Press.

Womack, M. (1992). Sport and religion. Í S. J. Hoffman (ritstjóri), *Why athletes need ritual: A study of magic among professional athletes* (bls 191-202). Champaign IL: Human Kinetics.

Woods, R.B. (2007), *Social Issues in Sports*. Champaign IL: Human Kinetics.

### **Netheimildir**

Alfred University. (1999b). National survey of sport teams. Who is at most risk? Where are hot spots? Sótt 5. febrúar 2015 af [http://www.alfred.edu/sports\\_hazing/docs/hazing.pdf](http://www.alfred.edu/sports_hazing/docs/hazing.pdf).

Anton Ingi Leifsson. (2015, 15.febrúar). Zlatan lét húðflúra á sig nöfn af fólki sem hann hefur aldrei hitt. *Fréttablaðið*. Sótt 5.mars 2015 af <http://www.visir.is/zlatan-let-hudflura-a-sig-nofn-af-folki-sem-hann-hefur-aldrei-hitt/article/2015150219254>.

Engin sætaröð númer 13. 2011. Sótt 24. janúar 2015 á: <http://fararheill.is/engins%C3%A6tar%C3%B0-numer-13>.

History of the National Olympic and Sports Association of Iceland. *Íþróttasamband Íslands*. Sótt 5.mars 2015 af <http://www.isi.is/english/history/>.

Kolbeinn Tumi Daðason. (2012, 14.júní). Rassskellingar hafa tíðkast lengi. *Fréttablaðið*. Sótt 5.mars 2015 af <http://www.visir.is/rassskellingar-hafa-tidkast-lengi/article/2012706149933>

Kolbeinn Tumi Daðason. (2012, 16.júní). Menn taka vel í rassskellingar og hafa gaman af. *Fréttablaðið*. Sótt 5.mars 2015 af <http://www.visir.is/menn-taka-vel-i-rassskellingar-og-hafa-gaman-af/article/2012120619278>

Riccobono, A. (2015). Super Bowl Rating: How many people watched the New England Patriots, Seattle Seahawks game?. *International Business Times: IBT Media Inc*. Sótt 5.mars 2015 af <http://www.ibtimes.com/super-bowl-ratings-how-many-people-watched-new-england-patriots-seattle-seahawks-game-1803116>.

Samúel Karl Ólafsson. (2015, 2.febrúar). Super Bowl: Heisenberg við afgreiðsluborðið. *Fréttablaðið*. Sótt 5.mars 2015 af <http://www.visir.is/super-bowl--heisenberg-vid-afgreidslubordid/article/2015150209861>.

Webster's Dictionary. (e.d.). definition Superstition. Sótt 5.febrúar 2015 af <http://www.merriam-webster.com/dictionary/superstition>.

## **Viðtöl**

AÖA 1. (2014). Viðtal Andreas Arnar Aðalsteinssonar við Leif Óskarsson 21.desember. Í vörslu höfundar.

AÖA 2. (2015). Viðtal Andreas Arnar Aðalsteinsson við Marteinn Briem 5.janúar. Í vörslu höfundar.

AÖA 3. (2015). Viðtal Andreas Arnar Aðalsteinsson við Sunnu Rut Ragnarsdóttur 9.janúar. Í vörslu höfundar.

AÖA 4. (2015). Viðtal Andreas Arnar Aðalsteinsson við Arnar Hólm Einarsson 9.janúar. Í vörslu höfundar.



AÖA 5. (2015). Viðtal Andreas Arnar Aðalsteinsson við Jónu Sigríði Halldórsdóttur 21.janúar. Í vörslu höfundar.

AÖA 6. (2015). Viðtal Andreas Arnar Aðalsteinsson við Matthías Leifsson 14.janúar. Í vörslu höfundar.